Powershot S30
Canon
Bókhlaðan
Canon
Verð kr. 59.900 m.vsk

ÓNÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 30. apríl 2003 • 17. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 458 4580 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Ísafjarðardjúp

Jeppar valda landspjöllum

Lögreglan á Ísafirði hvetur ferðamenn til að fá leyfi þegar ekið er yfir eignarlönd og alls ekki að taka áhættu af því að valda eignaspjöllum.

Á laugardaginn um fyrri helgi var jeppum ekið í leyfisleysi um land Húsadals í Mjóafirði í Djúpi þannig að landspjöll hlutust af. Málið hefur ekki verið kært formlega ennþá en landeigendur gerðu lögreglu viðvart.

Ísafjörður

Ingibjörgu Sólrúnu stolið

Lögreglunni á Ísafirði var tilkynnt á föstudag að eins af frambjóðendum Samfylkingarinnar væri saknað af kosningaskrifstofu flokksins við Hafnarstræti á Ísafirði þar sem hann hafði hangið.

Reyndar er hér ekki átt við stjórnmálamanninn í eigin persónu heldur stóra mynd sem einhver fingralangur áhugamaður um pólitík hnuplaði úr glugga. Tæpast getur talist um smáþjófnað að ræða þar sem myndin um 1,8 x 1,5 m.

Viljayfirlýsing undirrituð um Fræða- og háskólasetur á Ísafirði

Stefnt að opnun fyrir áramót

Síðasta vetrardag var undirrituð viljayfirlýsing þess efnis að setja á laggirnar fræða- og háskólasetur á Ísafirði. Að yfirlýsingunni koma Háskóli Íslands, Ísafjarðarbær, Hafrannsóknastofnun, Háskólinn á Akureyri og Kennaraháskóli Íslands.

Tilgangur setursins er að nýta hinar einstöku aðstæður sem fyrir hendi eru á Vestfjörðum til þess að efla fræðastarf og rannsóknir, einkum á staðbundnum aðstæðum og í samstarfi við heimamenn. Markmið setursins er að vera samstarfsvettvangur sem skapar vinnuaðstöðu handa fræði- og vísindamönnum á þeim sviðum sem þeir aðilar sem að viljayfirlýsingunni koma, kjósa að starfrækja á staðnum.

Við undirritun yfirlýsingar um samstarf um fræða- og háskólasetur á Ísafirði. Jóhann Sigurjónsson, forstöðumaður Hafrannsóknastofnunar, Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Páll Skúlason, rektor Háskóla Íslands, Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri og Ólafur Proppé rektor Kennaraháskólans.

Meðal fyrstu verkefna setursins er að stunda rannsóknir á veiðitækni og eldi undir stjórn Hafrannsóknastofnunar og að tryggja fræði- og vísindamönnum aðstæður til að stunda rannsóknir og fræðastörf sem lúta að menningu, menntun eða þjónustu á staðnum. Jafnframt var lýst yfir áhuga að fá fleiri stofnanir og fyrirtæki til að taka þátt í að skapa þennan samstarfsvettvang. Stefnt skal að því að setrið taki til starfa fyrir áramót.

650 m langur snjóflóðavarnargarður við Seljaland á Ísafirði boðinn út

Tilboðsfrestur rennur út 29. maí

Ríkiskaup f.h. Framkvæmdasýslu ríkisins og Ísafjarðarbæjar hafa auglýst eftir tilboðum í byggingu leiðigarðs til snjóflóðavarna á Ísafirði. Um er að ræða 650 metra langan garð og níu keilur. Tilboðsfrestur rennur út 29. maí næstkomandi.

Gert er ráð fyrir að verkið taki tvö ár en hægt verður að hefja vinnu við það þegar um næstu mánaðamót. Leiðigarðurinn verður byggður að öllu leyti úr efni á staðnum sem fæst við gröft og mótun flóðafarvegar hans. Þá ber verktaka að ganga frá yfirborði leiðigarðs og flóðafarvegar, gera göngustíga og vinnuvegslóða sem verktaki telur nauðsynlega vegna framkvæmdanna og gera drenskurð og framkvæma breytingu á farvegi Seljalandsár á tveimur stöðum.

Þá verður innifalið í verkinu að byggja nýjan aðkomuveg að skíðasvæðinu á Seljalandsdal í gegnum leiðigarðinn.

/SAMKAUP/
OPIÐ:
Virka daga kl. 09 - 21
Laugardaga kl. 10 - 21
Sunnudaga kl. 12 - 21
Verið velkomin!
SAMKAUP
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Kerfisstjóri hjá tæknifyrirtæki safnar Lego-kubbum

– fyrsti Íslendingurinn í alþjóðlegri hreyfingu Lego-safnara býr á Ísafirði

Iðnaðar- og listamaður fram í fingurgóma

– litið inn í merkilegt hús hjá Dagnýju Þrastar, merkilegri listakonu á Ísafirði


SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM
Flytjandi
EIMSKIP

ÚTGÁFAN

Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is
Blaðamaður:
Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Ritstjóri netútgáfu:
Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is
Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson
Fréttavefur: www.bb.is
Önnur útgáfa:
Á ferð um Vestfirði

Umboðsaðilar BB:
Eftirtaldir aðilar sjá um dreifingu á blaðinu á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar:***Bolungarvík:*** Sólveig Sigurðardóttir, Hlíðarstræti 3, sími 456 7305. ***Súðavík:*** Sólveig Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími 456 4106.***Suðureyri:*** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 898 6328. ***Flateyri:*** Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. ***Þingeyri:*** Anna Signý Magnúsdóttir, Hlíðargötu 14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:
Hamraborg, Hafnarstræti 7, sími 456 3166. ***Flugbarinn***, Ísafjarðarflugvelli, sími 456 4772. ***Bónus***, Ljóninu, Skeiði, sími 456 3230. ***Bókhlaðan***, Hafnarstræti 2, sími 456 3123. ***Bensínstöðin***, Hafnarstræti, sími 456 3574. ***Samkaup,*** Hafnarstræti 9-13, sími 456 5460. ***Krílið***, Sindragata 6, sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250 eintakið m.vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

Prófanir á björgunarbátum í hvassviðri og hafróti út af Vestfjörðum

„Þetta er nokkuð sem maður endurtekur ekki“

– segir Gísli Guðnason í björgunarsveitinni Björg á Suðureyri

Þrjár manneskjur úr björgunarsveitinni Björg á Suðureyri, tveir karlar og ein kona, voru hætt komnar þegar verið var að prófa tvo hundrað manna björgunarbáta frá Viking-verksmiðjunum í Danmörku í vondum sjó út af Vestfjörðum á sunnudag. Sæferðir ehf. í Ólafsvík reka farþegatvíbytnuna Brimrúnu sem notuð var við prófunina ásamt Trausta ÍS-111 sem er 95 tonna vertíðarbátur.

Bátarnir tveir voru sjósettir frá Brimrúnu en til aðstoðar var Zodiac-slöngubátur frá Björg á Suðureyri. Ætlunin var að Trausti myndi draga bátana til lands en veður versnaði og festar milli björgunarbátanna og Trausta slitnuðu. Þorsteinn Jónínuson vélstjóri á Trausta sagði aðstæður hafa verið leiðinlegar og meðal annars hafi komið 45 gráðu halli á stjórnborðssíðu Trausta. Þorsteinn náði með harðfylgi að kippa björgunarsveitarfólkinu frá Suðureyri um borð í Trausta.

Gísli Guðnason í Björg á Suðureyri var um borð í Brimrúnu og segir hann fólkið hafa siglt um á slöngubátnum í um einn og hálfan tíma. Þá fóru þau um borð í annan björgunarbátanna sem til stóð að draga í land en dráttartógið slitnaði. „Þau voru í hættu og voru bæði hrakin og köld. Eftir á að hyggja var fíflagangur að fara út í þetta í svona veðri. Það var lán að þau náðust um borð í Trausta. Skipverjarnir á honum stóðu sig eins og hetjur, það er aðdáunarvert“, sagði Gísli.

Björgunarsveitarmenn frá Tindum á slöngubáti svipaðrar gerðar og báturinn sem týndist.

Sjólag var erfitt, ölduhæðin um fjórir og hálfur metri og meðalvindhraði 18 m/s. Gísli segir að veltingurinn hafi verið mikill. „Þau voru allverulega þrekuð og orðin mjög sjóveik.“

Gísli og einn þremenninganna gáfu lögreglunni skýrslu við heimkomuna. „Þetta er nokkuð sem maður endurtekur ekki. Slöngubátur hefur ekkert út í svona sjólag að gera. Ég veit ekki hvort þetta verður kannað eitthvað en okkur fannst rétt að gefa lögreglu skýrslu þannig að það væru til opinber plögg um þetta“, sagði Gísli.

Pétur Ágústsson hjá Sæferðum sagði að þetta hefði verið þriðja tilraunin sem þeir taki þátt í fyrir Viking. Verið sé að vinna að vottun bátanna fyrir notkun í háhraðaferjur og hafi þurft að prófa þá við a.m.k. 13 m/s vindhraða og meðalölduhæð ekki undir þremur metrum.

Stóru bátarnir tveir og slöngubáturinn töpuðust út í hafrótið. Þegar blaðið fór í vinnslu var ekki búið að finna þá.

Jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrarfjarðar næsta stórverkefni?

Með framkvæmdinni verður eingangrun milli norður- og suðursvæðis rofin

Arnarfjarðar- og Dýrafjarðargöng verða næstu stórframkvæmdir í jarðgangagerð hér á landi ef samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, fær einhverju ráðið þar um. Þetta kemur fram í grein sem ráðherrann ritar Þingeyrarvefnum.

Þar segir ennfremur: „Framkvæmdir við jarðgöng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar eru nú að hefjast. Tilboð verða opnuð í Siglufjarðar-Ólafsfjarðargöngin 30.maí n.k. Samkvæmt jarðgangaáætlun, sem ég lagði fyrir þingið og varð síðan hluti samgönguáætlunar, var gert ráð fyrir að næstu jarðgöng yrðu göngin milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Næstu stórframkvæmdir við jarðgangagerð verða því Arnarfjarðar-Dýrafjarðargöngin ef ég fæ ráðið. Með þeirri framkvæmd mun einangrun verða rofin og mikilvæg tenging milli norður- og suðurfjarða stórauka alla möguleika til eflingar allra þátta samfélagsins í byggðum Vestfjarða. Það gildir ekki síst um ferðaþjónustuna, sem ég tel að geti orðið stóriðja Vestfjarða, ásamt sjávarútvegi.“

Í grein sinni fjallar Sturla einnig um lengingu og endurbætur á Þingeyrarflugvelli. „Í ár er fjárveiting vegna rannsókna og hönnunar. Ættu framkvæmdir að geti hafist með útboði á næsta ári. Eftir að ný flugbraut hefur verið lögð á Þingeyri munu aðstæður vegna flugrekstrar til og frá norðanverðum Vestfjörðum stórbatna. Með nýrri flugbraut, sem væri byggð upp með fullkominni lýsingu ættu flugvellirnir á Ísafirði og Þingeyri að geta aukið öryggið í fluginu með því að þeir verði reknir saman. Ný flugbraut á Þingeyri ásamt með viðeigandi flugöryggisbúnaði mun bæta búsetuskilyrði á Vestfjörðum og efla ferðaþjónustu á svæðinu,“ segir Sturla m.a. í grein sinni.

bb.is
púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

Þeir verða að vakna

Í tvo áratugi hefur þjóðinni verið talin trú um að kvótakerfinu hafi verið ætlað það hlutverk að byggja upp fiskistofna, sem komnir voru að hruni. Í aðdraganda kosninganna hefur því hins vegar verið lýst yfir, að því hafi verið komið á fót til bjargar útgerðinni, sem á þeim tíma hafi verið rjúkandi rúst! Haft er eftir Einari Oddi Kristjánssyni alþingismanni, að áherslubreyting flokks hans í sjávarútvegsmálum sé „viðurkenning á að aðferðir við fiskveiðistjórnun hafi ekki dugað“. Linnulaust hefur almenningi verið talin trú um að frjálst framsal aflaheimilda væri möndull kvótakerfisins. Nú segir formaður Framsóknarflokksins að „framsalið hafi verið ágalli [á kvótakerfinu] alla tíð“.

Árum saman hefur BB lagt áherslu á eftirfarandi í skrifum sínum um kvótakerfið: Að greina þurfi á milli strandveiðiflota og úthafsflota; að efla beri krókaveiðar, vistvænustu veiðiaðferðina og einu færu leiðina til að sjávarbyggðirnar nái stöðu sinni á ný; að enginn geti átt óveiddan fisk og selt hann á okurverði; að efla beri rannsóknir á áhrif veiðarfæra á lífríkið.

Nú vill formaður Framsóknarflokksins auka veiðiskylduna í 75%. Hvers vegna ekki að stíga skrefið til fulls? Banna framsalið! Það skyldi nú aldrei vera að það „særi réttlætiskennd þjóðarinnar“ að pétri og páli sé úthlutað veiðiheimildum ókeypis, ár eftir ár, til þess eins að selja þær eða leigja. Hví í ósköpunum veigra þingmenn sér við að uppræta braskið í eitt skipti fyrir öll? Hverra hagsmuna eru þeir að gæta? Hverju breytir „stjórnarskrárbundin þjóðareign“ meðan stjórnvöld halda verndarhendi yfir óheftu braski með hana?

„Ég er ekki viss um að allir þingmenn geri sér grein fyrir hvað þeir voru að samþykkja“, eru fleyg orð Kristjáns Pálssonar alþingismanns þegar svefnvana þingmenn björguðu bankakerfinu fyrir horn með einskisverða pappíra með því að heimila veðsetningu aflaheimilda, nokkrum mánuðum eftir að þáverandi seðlabankastjóri, Steingrímur Hermannsson, hafði gráti nær beðið bönkunum liðsinnis. Kristján hafði rétt fyrir sér. Nú segja þeir sem stóðu fyrir veðsetningu þjóðareignarinnar að verði hróflað við kerfinu fari allt til höfðingjans í Neðra. Eftir tuttugu ára viðveru kvótakerfisins er útgerðin skuldugri en nokkru sinni fyrr.

Verkafólk fagnar frídegi sínum í aðdraganda þingkosninga að þessu sinni. Á frídegi verkalýðsins er fagnaðarefni að þingmenn virðast byrjaðir að rumska af langtíma óréttlæti í fiskveiðistjórnun, sem leitt hefur þungar búsifjar yfir sjávarþorpin í landinu. Það nægir þó íbúum þessara staða engan veginn að þingmenn losi svefninn. Þeir verða að vakna!!

s.h.

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Hvers vegna

var komið í veg fyrir að Árni Steinar fengi að tala á sjómanna-daginn?

Vegna sjávarútvegsstefnu VG

- þeim er senkað hala að sér veiðiréttinum hugnast stefna VG ille því þeir tapa einokun sinni á auðlindinni
- með stefnu sinni hafa Vinstri Grænir einir flokka lagt fram raunhæfa leið út úr því kerfi sem við búum við í dag
- stefna VG tryggir rétt sjávarbyggðanna til auðlindarinnar, öryggi byggðanna og vistvænni veiðar, auk þess sem flutur dagróðrabáta eykst og sjávarjarðir fá skilgreindan ítrælisrétt
- stefna VG tryggir samt sem áður núverandi handhöfum kvótans nægan tíma til að aðlaga sig að breytingunum

Það þarf öflugt fólk til að framkvæma umbætur í samfélaginu, bæta kjör láglauna- og millitekjuhópa, og styrkja búsetu á landsbyggðinni

Við bjóðum fram krafta okkar og biðjum ykkur um að veita okkur tækifæri. Aðrir hafa haft þau næg, en þrotið dug.

Við erum til í slaginn!

xU
VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

Kraftmikið afl til forystu!

Gleðilegt ár

eftir ár, eftir ár,
eftir ár, eftir ár,
eftir ár, eftir ár,
eftir ár...



30,6% kaupmáttaraukning meðallauna 1995-2003

Þróun kaupmáttar er gróflega metinn á þann hátt sem hefur tekist til við hagstjórn og verðlagsþróun.

Framsóknarflokkurinn hefur setið í ríkisstjórn síðan 1995. Síðasta árið er hefur kaupmáttur meðallauna aukist um 30,6% miðað við launavísitölu.

Framsóknarflokkurinn hefur sett þarfir fjölskyldna í forgang. Hann mun gera þann áfram.

xB 2003

Verkin tala

FRAMSÓKNARFLOKKURINN

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Heilsudagur í Ísafjarðarbæ

Magnús Scheving vakti lukku

Þolfimifrömuðurinn Magnús Scheving skemmti börnum og foreldrum þeirra í íþróttahúsinu á Torfnesi í tilefni heilsudags í Ísafjarðarbæ s.l. laugardag. Um morguninn hélt hann uppi Latabæjarstemmningu fyrir yngri börnin en eftir hádegi var boðið upp á skemmtun og hvatningu fyrir grunnskólanema.

Mikil og fjölbreytt dagskrá var í tilefni dagsins og hófst hún á föstudagskvöld með viðamiklum fyrirlestrum Magnúsar Scheving, Guðjóns Bergmanns tantra- og jógaspekings og Önnu Sigríðar Ólafsdóttur næringarfræðings á sal MÍ. Fjölbreyttir viðburðir voru í gangi milli kl. 10 og 15 á laugardag en m.a. var boðið upp á jóga, þolfimi og skokk. Að auki var opið hús hjá Björgunarfélagi Ísafjarðar og kajak áhugamenn kynntu íþrótt sína á Pollinum á Ísafirði.

Magnús Scheving kenndi börnunum réttu aðferðirnar við þolfimina. Mynd: Þorsteinn J. Tómasson.

Suðureyri við Súgandafjörð

Mandarínendur gleðja gesti og gangandi

Súgandafjörður er vinsæll áfangastaður farfugla og þar hefur oft mátt sjá útlenda flækingsfugla á vappi. Í síðustu viku héldu tvær endur sig við tjörnina á Suðureyri og þóttust glöggir fuglaáhugamenn þekkja að þar væru á ferðinni mandarínendur. Er óhætt að segja að þessar endur séu komnar langt frá náttúrulegum heimkynnum sínum sem eru í skógum Kína, Japans og austurhluta Síberíu.

Þó endurnar séu þekktar fyrir að fljúga langar vegalengdir (vitað er til þess að þær hafi flogið um 800 km á einum sólarhring), kann viðkoma andanna í Súgandafirði að eiga sér eðlilega skýringu. Talsvert hefur verið um innflutning á mandarínöndum til Vesturlanda enda eru þær eftirsóttar hjá fuglaræktendum og þykja prýði í almennningsgörðum og dýragörðum. Á þetta einkum við um Bretlandseyjar og þar er til frjáls stofn mandarínanda sem komnar eru af ræktuðum öndum. Má því teljast líklegt að fuglarnir tveir hafi komið þaðan frekar en frá Austurlöndum fjær.

Frá námskeiðinu í Safnaðarheimilinu í Bolungarvík.

Maðurinn, umhverfið og líðan hans

Vel sótt námskeið í Bolungarvík

Smári Haraldsson, forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, segist telja að mikil ánægja sé með námskeiðið „Maðurinn, umhverfið og líðan hans“ sem haldið var í Safnaðarheimilinu í Bolungarvík um helgina. Fyrir námskeiðinu stóðu Heilsubærinn Bolungarvík og Fræðslumiðstöð Vestfjarða með tilstyrk Sparisjóðs Bolungarvíkur. Þar var fjallað um líðan mannsins, hvernig umhverfið hafi áhrif á hann og hvað hann geti gert til að bæta líðan sína.

„Ég tel að þetta hafi heppnast vel. Námskeiðið var vel sótt, fyrirlesararnir voru ánægðir og fólkið sem kom var ánægt. Ég heyrði að fólk vildi jafnvel fá meira í þessum dúr“, segir Smári.

Þátttakendur á námskeiðinu voru 38 og var verðlagningu mjög stillt í hóf. „Það munaði öllu að fá þennan mikla styrk frá Sparisjóði Bolungarvíkur. Mér fannst mjög ánægjulegt fyrir Fræðslumiðstöðina að vera með námskeið í Bolungarvík og gaman að fá að koma út eftir með námskeið. Við höfum lítið sinnt Bolvíkingum og mest fengið þá til okkar á Ísafjörð“, segir Smári.

Kosningafundur Davíðs Oddssonar á Ísafirði

Kvartað vegna fréttaflutnings

Sjálfstæðismenn kvörtuðu undan fréttaflutningi Ríkisútvarpsins af almennum fundi Davíðs Oddssonar á Ísafirði, þar sem tveir dyggir sjálfstæðismenn vöruðu Davíð við að tjá sig um kvótakerfið. Þetta kom fram í Fréttablaðinu. Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri flokksins, sendi tölvupóst á fréttastofu Útvarpsins þar sem hann tjáði óánægjuna með fréttaflutninginn. Sjálfstæðismenn á Ísafirði voru mjög ósáttir við fréttirnar af fundinum og töldu þær ekki hafa gefið rétta mynd af því sem þar fór fram.

Kári Jónasson, fréttastjóri RÚV, sagði alltaf eitthvað um slík erindi í aðdraganda kosninga. Hann sagði að Fréttastofa Útvarpsins stæði við fréttina og ekki væri talið að eftirmál yrðu. Í sama streng tók Finnbogi Hermannsson, deildarstjóri RÚV.

ÍSAFJARÐARBÆR

TILKYNNING TIL ÍBÚA Í ÍSAFJARÐARBÆ

Kjörskrá fyrir kosningar til alþingis þann 10. maí 2003, liggur frammi á skrifstofu Ísafjarðarbæjar að Hafnarstræti 1 á Ísafirði, frá og með miðvikudeginum 30. apríl 2003.
Opnunartími skrifstofu er frá kl. 10:00 til kl. 15:00 alla virka daga.

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Félagsfundur

Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps heldur almennan félagsfund ***laugardaginn 3. maí kl. 11:00-14:00 á Hótel Ísafirði.***

Á fundinum mun formaður félagsins, Erling Ásgeirsson kynna starf félagsins. Félagsmenn eru hvattir til að koma og ræða málefni nútíðar og framtíðar.

Landeigendum sem ekki eru í félaginu skal bent á að á fundinum gefst tækifæri til að kynna sér starfsemi félagsins og gerast félagsmenn.

Stjórn LSG.

Sumarkveðja frá Djúp-ÍS

Sendum ykkur öllum bestu óskir um gleðilegt sumar. Þökkum ánægjuleg samskipti á liðnum vetri. Sérstakar þakkir fá öll ungmennin sem hafa sýnt sérlega prúða framkomu og þolinmæði við lúgurnar hjá okkur.

Njótum sumarsins saman með ekta Sælum og Emmess-ís.

Sumarkveðjur,

Stelpurnar í Krílinu, Sindragötu 6, Ísafirði.

Stuttar af bb.is

Laufey Björk í landsliðið

Laufey Björk Sigmundsdóttir frá Þingeyri náði nýverið þeim merka áfanga að komast í landsliðshóp Íslands í blaki. Blakið telst tæpast til sterkustu íþróttagreina Vestfirðinga en Laufey hefur lagt stund á blakæfingar síðastliðin fjögur ár eða frá því hún hóf nám við Menntaskólann á Akureyri. Laufey hefur æft með KA og segir mjög ánægjulegt að vera komin í landsliðshópinn. „Við erum að æfa gríðarlega mikið núna en framundan hjá okkur er að fara á Smáþjóðaleikana á Möltu í júní“, sagði Laufey. Gaman verður að fylgjast með frammistöðu þessarar nýjustu landsliðskonu Vestfjarða og aldrei að vita nema áhugi á blaki stóreflist á svæðinu í kjölfarið.

Bensíni stolið af bifreið

Nótt eina í síðustu viku var stolið bensíni af tanki hvítrar Mazda pallbifreiðar sem stóð á bílastæði við Túngötu 7 á Ísafirði. Ef til vill vissi þjófurinn eða þjófarnir ekki af sjálfsalanum á bensínstöðinni á Ísafirði.

Veski stolið á hótelinu

Á mánudaginn í síðustu viku var lögreglunni á Ísafirði tilkynnt um að kvenseðlaveski hefði verið stolið frá einum starfsmanna Hótels Ísafjarðar. Lítið fé var í veskinu en lögreglan óskar eftir upplýsingum frá þeim sem einhverja vitneskju kunna að hafa um þennan þjófnað.

Góð aðsókn að Söngvaseiði

Tvö þúsundasti sýningargesturinn á Söngvaseiði (The Sound Of Music) kom á sextándu sýninguna á verkinu á laugardag. Það var Sigurrós Einarsdóttir, sem markaði þessi tímamót. Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar, og Friðrik Stefánsson, formaður Litla leikklúbbsins, afhentu Sigurrós blóm af þessu tilefni og vildu með því þakka áhorfendum hið mikla framlag þeirra til sýningarinnar. Sigríður sagði við þetta tækifæri að við undirbúning sýningarinnar hefðu verið nefndar ýmsar tölur um hugsanlega aðsókn en ekkert í líkingu við þetta.

Sælkerar vikunnar

eru Halldóra Magnúsdóttir og Kristján Haraldsson

Ítalskar kjötbollur í súrsætri sósu

Þessi réttur er fljótlegur, gómsætur og vinsæll heimilismatur hjá okkur.

6 sneiðar franskbrauð án skorpu
½ dl mjólk
500 g nautahakk
2 egg
½ dl fersk steinselja smátt söxuð (má sleppa)
3 msk Parmesan-ostur, nýrifinn
3 hvítlauksgeirar, pressaðir
salt og pipar
olía til steikingar

Rífið brauðið í bita og leggið í bleyti í mjólkinni. Bætið því næst hakkinu, eggjunum, steinseljunni, parmesanostinum og hvítlauksgeirunum út í og kryddið með salti og pipar. Mótið úr farsinu litlar bollur. Hitið 2 msk af olíunni á pönnu og steikið bollurnar við mikinn hita í 3 til 5 mínútur. Snúið þeim reglulega. Takið bollurnar af pönnunni.

Sósa

1 flaska Heinz chilisósa (300 ml)
4-6 msk rifsberjahlaup, eða eftir smekk

Hitið saman rifsberjahlaupið og Heinzsósuna. Setjið því næst bollurnar út í og sjóðið í ca. 5 mínútur. Berið fram með pasta, hvítlauksbrauði, salati og nýrifnum parmesanosti.

Salat

lambhagasalat
ferskt rauðkál
eikarlauf
serrítómatar
grænn og rauð paprika
rauðlaukur
jarðarber

Skerið allt í bita og blandið vel saman.

Salatolía

3 hvítlauksrif, pressuð
1 cm engiferrót

½ bolli ólífuolía
safi úr 2 lime-ávöxtum
2 msk hunangssinnep
2 msk hrísgrjónaedik
1 tsk Balsamic-edik
1 msk sojasósa

Að lokum er hér uppskrift að kartöflusalati með grísku ívafi. Þetta salat hentar sérstaklega vel með Bayonneskinku eða öðru léttreyktu svínakjöti.

Grískt kartöflusalat

500 g kaldar soðnar kartöflur, skornar í litla bita
2 harðsoðin egg, skorin í báta
2 tómatar, skornir í þunnar sneiðar
150 g fetaostur
1 laukur, fínt saxaður
svartar steinlausar ólífur eftir smekk

Öllu blandað saman í stóra skál.

2 msk hvítvínsedik
1 tsk sinnep
4 msk ólífuolía
1 tsk basilka
salt og pipar eftir smekk

Hristið vel saman, hellið yfir salatið og látið standa í klukkutíma áður en borið er fram. Fallegt er að skreyta með eggjabátum og þunnt sneiddum tómötum.

Við skorum á vini okkar, þau Jónas Tómasson tónskáld og Sigríði Ragnarsdóttur skólastjóra, að deila leyndardómum matargerðarlistarinnar með lesendum Bæjarins besta. Þeir sem koma að matarborði í Smiðjugötu 5 gleyma seint þeim bragðsinfóníum sem þar er boðið upp á.

Grunnskólinn í Bolungarvík

Nemendur verðlaunaðir fyrir árangur

Einar Pétursson bæjarstjóri í Bolungarvík afhenti á föstudag nemendum Grunnskólans í Bolungarvík fullkomið heimabíókerfi með DVD spilara fyrir hönd bæjarstjórnar og fræðslumálaráðs Bolungarvíkur. „Okkur langaði til að verðlauna krakkana af því að þau hafa sýnt góðan árangur á samræmdum könnunarprófum og eins fyrir það hversu vel þau ganga um skólann. Við höfum átt þessu láni að fagna undanfarin ár, skólinn er góður og starfsfólkið er að standa sig vel“, segir Einar. Ætlunin er að nemendur og kennarar skólans geti notað heimabíóið í leik og starfi en Einar segir myndmiðlana sífellt meira notaða í kennslustofunni. „Svo er þetta auðvitað hugsað fyrir þau til að horfa á bíó sér til skemmtunar“, sagði Einar.

Anna G. Edvardsdóttir skólastjóri tekur við gjöfinni frá Einari Pétursyni bæjarstjóra og Daðey Einarsdóttur formanni fræðslumálaráðs.

Maður vikunnar

Mest pirrandi þegar vitlaust er raðað í hnífaparaskúffuna

Nafn: Bjöggi, Döddi, Bói, Mundi og stundum kallaður pósturinn mig Björgvin, Bergmund eða Borgmund en ég heiti víst Björgmundur Örn Guðmundsson.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á Ísafirði 29. apríl 1975.
Atvinna: Byggingartæknifræðingur hjá Ágústi og Flosa ehf. á Ísafirði.
Fjölskylda: Konan mín er Guðrún Jónína Guðjónsdóttir og sonurinn heitir Steinar Anton. Foreldrarnir eru Guðmundur Steinar Björgmundsson og Sigríður Magnúsdóttir.
Helstu áhugamál: Fjölskyldan, andleg málefni, söngur, íþróttir, stjórnmál og ýmis félagsmál.
Bifreið: Subaru Impresa.
Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Eins og ég á.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Bóndi.
Uppáhalds matur? Grillað lamb.
Versti matur sem þú hefur smakkað? Kökur í Indónesíu. Líta mjög girnilega út en eru síðan versti óþverri.
Uppáhalds drykkur? Ísköld sveitamjólk og vatn.
Uppáhalds tónlist? Enja, Enigma og Metallica.
Uppáhalds íþróttamaður eða félag? HSV, Ingi Þór og sundliðið hans.
Uppáhalds sjónvarpsefni? Fréttir og Kastljós.
Uppáhalds vefsíðan? www.heilsufrettir.is/jonina
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Hringadróttinssaga.
Fallegasti staður hérlendis? Holt í Önundarfirði á tunglskinsbjartri nóttu að vetri.
Fallegasti staður erlendis? Sviss. Bæði sveitirnar og borgirnar.
Ertu hjátrúarfull(ur)? Nei.
Uppáhalds heimilistækið? Pressukannan (kaffikannan).
Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Leggjast í grasið á heitum sumardegi, stara upp í himininn og láta hugann reika um heima og geima.
Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Þegar vitlaust er raðað í hnífaparaskúffuna. Mjög pirrandi að taka upp vitlaus hnífapör. Hnífar, gafflar og skeiðar, frá vinstri til hægri.
Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Endurraða í hnífaparaskúffunni við kertaljós og rauðvínsglas.
Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já, að konan læri að raða í hnífaparaskúffuna.
Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Malasía, hausaveiðarar, hrísgrjónavín, svínalappir, æla og skítugur kamar segja allt sem segja þarf.
Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Snúa einstefnunni á Ísafirði, kominn tími á snúning. Setja gosbrunna í Pollinn. Láta reisa íþróttahús á Suðureyri og byggja yfir gervigrasvöllinn. Gera topp frjálsíþróttavöll á Þingeyri. Gera útivistarsvæði inni í Tungudal og inni í snjóflóðagörðunum á Flateyri. Setja risaklukku ofan á Neista á Ísafirði. Gera Lýð lækni að heiðursborgara. Koma upp aðstöðu fyrir sóldýrkendur í Holti í Önundarfirði. Ef ég væri ekki búinn að setja bæjarsjóð á hausinn allavega tvisvar þegar hér er komið, myndi ég laga götur og gangstéttar í bæjarfélaginu.
Lífsmottó? Óttastu ekki andstöðu því flugdreki fer aðeins á loft á móti vindi en ekki með vindi.

Til sölu

Til sölu er glæsilegur Musso Grand Lux, dísel, sjálfskiptur, árg. 1999 (skráður 21.12. 1998). Leðursæti, dráttarkúla, sóllúga og margt fleira. 33" breyttur, ekinn 55 þús. km. Upplýsingar í síma 456 3800.

Konukvöld Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi

Um 160 konur mættu til leiks

Sjálfstæðisflokkurinn á norðanverðum Vestfjörðum gekkst á föstudagskvöld fyrir afar vel sóttu konukvöldi þar sem saman komnar voru hátt í 160 konur á aldrinum frá 15 ára til áttræðs.

Dr. Árelía Eydís Guðmundsdóttir vinnumarkaðsfræðingur og dósent við Háskólann í Reykjavík var ræðumaður kvöldsins og fjallaði hún á gamansaman hátt um hver væri lykillinn að velgengni og féll umræðuefnið í góðan jarðveg. Þótti góð stemmning myndast í salnum þar sem boðið var upp á lifandi tónlist og veitingar sem konurnar sáu sjálfar um. Tveir af átta kvenframbjóðendum flokksins í kjördæminu, þær Birna Lárusdóttir frá Ísafirði og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir frá Tálknafirði voru á staðnum og kynntu sig.

Birna Lárusdóttur (lengst til vinstri) og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (lengst til hægri) mættu til leiks ásamt um 160 öðrum konum.

Hátt á annað hundrað konur mættu á skemmtunina hjá Sjálfstæðisflokknum.

Ánægjulegt er hversu sterkt kvenfólk kemur til leiks í starfi stjórnmálaflokkana en sama kvöld gekkst Samfylkingin fyrir kvennasamkomu í Faktorshúsinu. Konur í Framsóknarflokknum hafa einnig haldið úti sérstakri dagskrá og m.a. boðið upp á þjálfun í sjálfsvarnarlistum. Kvennakvöld Sjálfstæðisflokksins var haldið á kosningaskrifstofunni á Ísafirði.

Kristinn Ásgeirsson fyrrum lögreglumaður á Ísafirði skoðar hér vopnasafn lögreglunnar með Önundi Jónssyni yfirlögregluþjóni.

Lögreglan bauð í heimsókn

Ungir sem aldnir fræddust um störfin

Lögreglan fagnaði því um land allt á laugardag að 200 ár eru liðin frá því að lögreglumenn í einkennisbúningum tóku til starfa. Lögreglan á Ísafirði hafði opið hús af þessu tilefni og sóttu hana heim á bilinu 400 til 500 manns að sögn Önundar Jónssonar yfirlögregluþjóns. „Það var alveg stöðugur straumur af fólki hérna allan tímann og dagurinn lukkaðist mjög vel“, sagði Önundur.

Starfsmenn embættisins sýndu almenningi vinnuaðstöðuna og voru fangaklefarnir á lögreglustöðinni m.a. opnir en vöktu mis mikla hrifningu. Tæki og tól lögreglunnar þóttu heldur meira spennandi og sópaðist ungviðið að Önundi þar sem hann sagði frá vopnum og verjum sem lögregluþjónarnir höfðu lagt á en að sjálfsögðu var lögð áhersla á hina römmu alvöru sem býr að baki meðhöndlun slíkra tóla.

Boðið var upp á myndatöku í einum af lögreglubílum embættisins og mátti Sturla Páll Sturluson tollvörður hafa sig allan við að smella myndum af unga fólkinu.

Umboðsmenn DAS á Vestfjörðum

DAS 52x Dregið í hverri viku

Hólmavík	Verslunin Lind	Hafnarbraut 31	451 3465
Súðavík	Víkurbúðin	Grundarstræti 1	456 4981
Ísafjörður	Birkir hf. ESSO	Hafnarstræti 6	456 3990
Bolungarvík	Ragna Magnúsdóttir	Hólastíg 1	456 7510
Suðureyri	Rómarborg ehf	Rómarstíg 10	456 6262
Flateyri	Sparisjóður Vestfirðinga	Ránargötu 1	450 7600
Þingeyri	Gunnar Friðfinnsson	Fjarðargötu 44	456 8144
Tálknafjörður	Verslunin Pokahornið	Strandgötu 36	456 2505
Patreksfjörður	Geirseyrarbúð	Aðalstræti 73	456 1295
Króksfjarðarnes	Halldór Dalkvist Gunnarsson		434 7766

Hringdu og endurnýjaðu heppnina
hjá næsta umboðsmanni
eða á netinu
www.das.is

HAPPDRÆTTI das
-vinningur í hverri viku

Dagný Þrastar

– iðnaðarmaður fram í fingurgóma

– litið inn í merkilegt hús hjá merkilegri listakonu á Ísafirði

Dagný Þrastardóttir, hagleiks- og athafnakona á Ísafirði, rekur Rammagerð Ísafjarðar við Aðalstræti 16 þar sem seldir eru handgerðir listmunir eftir hana sjálfa og fleira skapandi fólk. Einnig er þar boðið upp á glerslípun, speglagerð og innrömmunarþjónustu eins og nafnið gefur til kynna. Rammagerðin er til húsa í forkunnarfögru timburhúsi við Aðalstræti þar sem línudeild Pósts og síma var áður og hafði það látið mikið á sjá í gegnum tíðina. Forsvarsmenn símamála í landinu hugðust rífa slotið en kom þá til kasta Húsafriðunarnefndar ríkisins. Dagný sem er húsgagnasmiður að mennt hefur farið liprum höndum um Aðalstræti 16 ásamt eiginmanni sínum, Halldóri Antonssyni húsasmið, og er það nú í fremstu röð meðal margra glæsilegra gamalla húsa í bænum.

Dagný býr yfir sköpunarkrafti sem forvitnilegt þótti að grennslast fyrir um. Nú um páskana setti hún upp listasýningu í Edinborgarhúsinu á Ísafirði ásamt alþýðulistmálaranum Reyni Torfasyni. Þar sýndi Dagný fjölbreytta nytjamuni, fagran borðbúnað og ljós mótuð úr gleri, en glerið hefur verið henni hugleiknast smíðaefna undanfarin misseri.

Listakonan er borinn og barnfæddur Ísfirðingur. Hún er dóttir Þrastar Marsellíussonar sem hefur árabil rekið vélsmiðju í Ásgarði við Hnífsdalsveg og Þórunnar Jónsdóttur, sem stendur við hlið dóttur sinnar í Rammagerðinni og afgreiðir viðskiptavini með alkunnri brosmildi.

Þegar við tökum hús á Dagnýju verður ekki hjá því komist að hefja samtalið á að ræða um verkefni sem hún hefur lagt í ófáar vinnustundir síðustu árin – húsið Aðalstræti 16. Það er samtals liðlega 700 fermetrar að stærð og þegar gestir eru leiddir í snögga skoðunarferð er ekki laust við að þeir verði örlítið ringlaðir, því að þar eru margar vistarverur. Þar er hýst öll starfsemi Rammagerðarinnar, bæði listagalleríið sjálft sem snýr að götunni og rúmgott verkstæði Dagnýjar þar á bak við.

Þau Dagný og Halldór hafa búið sér myndarlegan íverustað á jarðhæð hússins og fyrir ofan þau er íbúð Þórunnar, móður Dagnýjar. Auk þess býr Helga dóttir Halldórs með litlu dóttur sína í lítilli íbúð í húsinu sem Dagný segir þau hafa innréttað í upphafi sem gestaíbúð. Loks komum við í annað verkstæði en þar ræður húsasmiðurinn Halldór ríkjum. Eldhúsið sem snýr út að Aðalstrætinu er hjarta heimilisins og þar er áð til að hella upp á kaffi.

Mamma orðin góður handlangari

Höldurnar á eldhúsinnréttingunni eru úr gljáandi fögrum brúnum steini og engir þeirra eins að lögun. Dagný útskýrir að þeir hafi verið keyptir slípaðir og boraðir hjá steinaslípunarmönnum á Þingeyri. „Ég límdi í þá snittteina til að festa þá á innréttinguna“, segir Dagný og útskýrir framkvæmdina að hætti fagmannsins.

– Þetta virðist allt vera hið mesta mál, að minnsta kosti frá sjónarhóli leikmanns, en þú lætur það hljóma eins og sjálfsagt og einfalt mál að búa til þínar eigin höldur á innréttinguna.

„Já, þetta var frábær lausn því ég var með þykkan doðrant með mismunandi höldum í og langaði ekki í eina einustu þeirra. Þá kom Adda Aspelund [flugumsjónarmaður og hagleikskona á Ísafirði] með þá hugmynd að nota svarta steininn sem hægt er að finna í fjörunni hjá Núpi í Dýrafirði. En ég vildi frekar hafa brúnleitan stein heldur en svartan þannig að á endanum var notast við jaspis.“

– Nú í dag er þetta hús mikil bæjarprýði. Er ekki hægt að segja að það hafi nánast verið búið að afskrifa það á sínum tíma og gefa upp á bátinn að það gæti orðið til gagns?

„Jú, Póstur og sími áttu þetta hús og vildu fá að rífa það en Húsafriðunarnefnd komst í málið og setti friðun á það í snarheitum. Þetta hús er ekki alfriðað en ytra útlit þess þarf að halda sér. Svo er ýmislegt hér innandyra sem er friðað, burðarbitar í lofti, fulningar á veggjum og fleira. Annars höfum við haft nokkuð frjálsar hendur með hvað við viljum gera hérna inni.“

– Hvenær kaupið þið húsið og farið út í þessar framkvæmdir?

„Við hefjumst handa hérna 1997 og byrjum á galleríinu og verkstæðinu þar á bakvið. Þá var ég húsnæðislaus með mína starfsemi og annað hvort var að fara úr bænum eða gera eitthvað róttækt því að gott atvinnuhúsnæði var ekki á lausu. Það var alls ekki í bígerð að kaupa þetta hús. Halldór var búinn að skoða það og gefa það frá sér. Þetta yrði ekki gert upp á skömmum tíma.“

– Má þá ekki segja að þið hafið haft nokkuð hraðar hendur við að taka húsið í gegn? Hér er búið að innrétta þrjár íbúðir, tvö verkstæði og eina verslun á tæpum sex árum.

„Ja, árið 1997 byrjum við en aðhöfumst ekkert meira fyrr en í apríl 1999 þegar við byrjum á íbúðinni og flytjum inn í september. Síðan hefur þetta verið tekið koll af kolli eftir hendinni.“

– Þið Halldór eruð bæði smiðir. Hefur það ekki geysimikið að segja þegar ráðist er í svo umfangsmiklar endurbætur?

„Jú, það hefur allt að segja að geta gert þetta sjálf. Eina vinnan sem við höfum þurft að kaupa er við pípulögn og raflögn. Annað höfum við gert sjálf með rosalega góðri hjálp. Til dæmis er mamma orðin svo góður handlangari að hún les verkið og réttir verkfærin án þess að maður þurfi nokkurn tímann að biðja um neitt.“

– Er það ekki draumur hvers smiðs að hafa slíka aðstoðarmenn?

„Jú, það er alveg öruggt.“

Hugmyndir spretta af mistökunum

– Var það alltaf stefnan hjá þér að læra húsgagnasmíði?

„Þegar ég var í gaggó, þá voru tvö fög sem ég fékk tíu í, það voru smíðarnar og svo vélritun, þannig að annað hvort lá fyrir að fara í Einkaritaraskólann eða smíðarnar í Iðnskólanum og ég valdi þann síðarnefnda.“

– Varla hefur verið mikið um það á þeim tíma að konur lærðu að smíða?

„Við vorum reyndar fleiri en strákarnir í framhaldsdeildinni en í grunndeildinni voru þeir fleiri. Í framhaldsdeildinni voru sex stelpur en fimm strákar, þannig að það hlýtur að teljast nokkuð gott hlutfall.“

– En er ekki rétt að það eru ekki mjög margir sem leggja fyrir sig húsgagnasmíði?

„Nei, kannski ekki svo mjög. Að minnsta kosti eru húsasmiðirnir fleiri. Kvenfólkið hefur verið sterkt í húsgagnasmíðinni. En það voru tvær með mér í skólanum sem ætluðu að læra húsasmíði en fengu hreinlega ekki samning þannig að þær kláruðu húsgagnasmíðina.“

– Og þú hefur verið á fullu að búa til hluti og smíða síðan.

„Nei, ég hef nánast ekkert smíðað síðan ég kláraði skólann, að minnsta kosti ekki húsögn, innréttingar eða slíkt.“

Kallarðu það þá ekki smíðar þegar þú ert að búa til alla þessa listmuni eins og til dæmis í glerinu?

„Nei, það eru ekki smíðar heldur eitthvað allt annað. Maður sker glerið niður, lagar það og litar en það er allt annars eðlis en að smíða.“

– En þessi sköpun öll – getum við sagt að hún hafi verið rauður þráður hjá þér í gegnum tíðina?

„Jú, þessi sköpunarárátta er alveg ótrúleg. Fyrir um átta árum keypti ég mér lítinn ofn og fór að fikta við glerið, að búa til stjörnunar mínar og eitthvað í þeim dúr. Eitthvað svona smotterí og smáhluti. Ég þróaði stjörnurnar áfram í nokkur ár og nú eru þær orðnar eins og ég vil hafa þær, fjórum til fimm árum síðar. Svo var ég farin að halda að það kæmi ekkert meira frá mér.

Þá keypti ég mér stærri ofn og það gjörbreytti öllu – hlutirnnir eru að gerast alveg endalaust. Ólöf Davíðsdóttir vinkona mín kom vestur í kjölfarið og kom mér af stað með nýja ofninn. Við erum miklar vinkonur og ég vil þakka henni það að ég er í þessu ennþá. Hugmyndir hrynja yfir mig og ég er í mesta lagi búin að komast í að framkvæma helming þeirra. Maður ræðst í að vinna út frá hugmynd sem jafnvel mistekst. En þá kemur oft önnur hugmynd upp úr því þannig að þetta er alveg endalaust.“

Handflutningar Dagnýjar

– Nú fer það orð af þér að þú sért ansi dugleg við að koma þínum hugmyndum í verk. Ekki þarf annað en að litast um í galleríinu hjá þér til að sjá að frá þér hefur komið mikill hluti fjölbreyttra muna.

„Mér reynist það einna erfiðast að gera sama hlutinn eins aftur. Í hvert skipti vil ég reyna að gera aðeins öðruvísi en í fyrra skiptið. Þetta hefur vafist fyrir mér í sambandi við rekstrinn á vefversluninni, því þá þarf ég að taka mynd af hverjum einasta hlut og skrá hann inn. Svo selst hann og ég þarf að taka hann út af vefnum af því að það er enginn annar eins. Þannig er ég ekki alveg nógu dugleg að bæta nýjum hlutum inn á vefinn.“

– Hvernig hefur gengið að selja á netinu? Er það nýlunda hjá þér?

„Nei, ég setti vefverslunina upp í tengslum við atvinnuvegasýninguna sem var árið 2000 í íþróttahúsinu á Torfnesi. Það er ekki mikil sala sem fer fram á netinu en vefurinn er sniðugur. Til dæmis þegar fólk ætlar að gefa eitthvað saman og annar aðilinn er staddur á Ísafirði en hinn í

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Reykjavík, þá getur fólk skoðað þar það sem er í boði. Síðan hefur það samband ef það sér eitthvað sem hentar. Þetta er mjög þægilegt fyrir Reykvíkinga t.d. að geta farið þarna inn.

Svo fer ég bara með hlutina inn á flugvöll og fæ jafnvel einhvern til að taka þá fyrir mig. Maður reynir að fá ekki á sig of mikinn flutningskostnað. Lalli mágur minn [Lárus G. Valdimarsson bæjarfulltrúi á Ísafirði] fær þannig alltaf í magann ef síminn hans hringir þegar hann er á leiðinni suður. Nú eru það handflutningar Dagnýjar, segir hann.“

Alltaf hægt að slípa gólfið niður

– Hvenær byrjaðirðu að reka galleríið?

„Ég opnaði það árið 1995 uppi í gamla Gosa við Mánagötu og var þar til ársins 1997 þegar húsnæðið var selt. Þá var maður orðinn húsnæðislaus. Eftir mikla leit hafði ég samband við einhvern stjóra í Landsbankanum í Reykjavík og fékk inni í Gamla apótekinu. Ég var byrjuð að dytta að því og var kominn með það í bráðabirgðaástand sem ég gat sætt mig við til að byrja með. En þá var mér hreinlega kastað út aftur. Þá langaði mér mjög mikið til að ná mér í gám, pakka í hann og fara.

En þá kom upp sú staða, að Lalli og Sigga [fyrrnefndur Lalli mágur og kona hans, Sigríður Þrastardóttir, systir Dagnýjar] skoðuðu Aðalstrætið með okkur og urðu ægilega hrifin. Halldóri datt í hug að það væri hægt að opna veitingastað þar sem íbúðin okkar er núna og opna út í húsnæðið baka til – það hefði orðið rosalega flott. Við drifum okkur í setja galleríið í stand og það gekk mjög hratt fyrir sig en svo lágu framkvæmdir niðri í tvö ár og ekkert búið að gera við annan endann.

Þá ákváðum við að kaupa hlut Siggu og Lalla í húsinu, seldum húsið okkar uppi á Hlíðarvegi og flytjum hingað inn. Ég sé alls ekki eftir því, það er yndislegt að vera hérna. Ég held að þetta hefði ekki gengið að búa uppi á Hlíðarvegi og vinna hérna niðri í bæ, með tvö börn í skóla og langan vinnudag.“

– Hvernig stemmning er það, ekki einungis að búa á Eyrinni heldur búa hérna við Aðalstrætið, í hjarta bæjarins?

„Þetta er alveg frábært. Maður þarf varla að hreyfa bílinn (nema til að keyra út á flugvöll) og stutt í allt, sérstaklega fyrir krakkana.”

– Er fjölskyldan jafnvel farin að fara allra sinna ferða á inniskónum þegar komið er fram í apríl eða maí?

„Já, það má segja það, t.d. er gert ráð fyrir því hérna í íbúðinni með gegnheilum viðargólfum sem eru ætluð til að ganga á. Við stressum okkur ekki á því að fólk skjótist hingað inn á skónum. Gólfið öðlast líf við það og alltaf hægt að slípa það niður.“

Betra að hafa eitthvað til að reka á eftir

– Nú um páskana sýndirðu ásamt Reyni Torfasyni í Edinborgarhúsinu. Þar bar margt forvitnilegt fyrir augu, t.d. ýmiskonar ljós og borðbúnaðarlínu úr gleri sem innihélt diska, föt og fleira. Er framleiðslan að taka nýja stefnu?

„Ég byrjaði á þessum diskum fyrir um ári síðan, fyrst þessum ferköntuðu – mér finnst þetta bara svo flott að ég ætla að þrjóskast við og reyna að koma þessu á framfæri. Hvað varðar fötin og bakkana, þá atvikaðist það þannig að Jósef Vernharðsson í Hnífsdal var að halda upp á afmælið sitt og Hrafnhildur Samúelsdóttir kona hans kom að máli við um það hvort ég gæti ekki lánað henni nokkra glerbakka. Ég svaraði því til að ég ætti bara nokkra en það væri alveg hægt að búa þá til.

Niðurstaðan varðþví sú að ég bjó til föt og bakka í gríð og erg. Þegar þau komu með þetta til baka aftur eftir veislluna vandaðist málið. Ég vissi ekkert hvað ég ætti að gera við þetta allt svo ég ákvað að það væri ekki úr vegi að leigja þetta út.“

– Áttu þá orðið fullkomið stell af handsmíðuðu veislutaui?

„Já,það ætti að vera hægt að nota þetta í þokkalegustu brúðkaup. Reyndar á ég ekki matardiskana á lager, það væri fullmikið að búa til hundrað diska. Þetta eru aðallega föt, skálar og slíkt enda fylgja diskarnir yfirleitt veislusölunum. Það yrði frekar flókið að vera með það allt.“

– Diskarnir þínir eru líka fremur veglegir og þykkir að sjá. Tæpast myndi það mælast vel fyrir hjá framreiðslufólki.

„Þeir eru stærri en oft gerist, allt upp í 40 cm að þvermáli. En það var einmitt kokkur sem sagði við mig að þetta væru glæsilegir bakkar en ekki til að bera fram á, þeir þættu fullþungir í það.“

– Hvernig er að standa í þessum bransa? Hugmyndirnar sækja fast að þér og þú sagðir mér að stjörnurnar væru búnar að hasla sér völl á nokkrum árum. Nú ertu að byrja að kynna borðbúnaðinn – þetta virðist allt taka sinn tíma.

„Þetta tekur alveg óratíma og það sem verra er, að ég er enginn sölumaður. Þannig gengur það ekkert hjá mér að fara suður og kynna þetta, ég er búin að reyna það. Helst vildi ég hafa nokkkra í kringum mig, sitt af hvoru sviðinu, til að koma hugmyndunum á framfæri. Til dæmis járnsmið, arkitekt og þess háttar.

Ég var t.d. með stóran lampa á sýningunni í Edinborgarhúsinu og var búin að bræða glerið í hann fyrir u.þ.b. átta mánuðum. Síðan stóð verkið á því að fá einhvern til að smíða það sem þurfti til að ljúka honum. Það að halda þessa sýninigu ýtti á eftir mér að klára lampann svo ég talaði við pabba og hann smíðaði það sem þurfti til á engum tíma. Einhvern veginn þarf maður alltaf að hafa eitthvað til að reka á eftir sér.“

Allir hjálpast að á handverksheimili

– Nú ertu með afskaplega fallega verslun á besta stað í bænum. Hvernig gengur þessi rekstur?

„Salan er alltaf að aukast. Ferðamannastraumurinn er líka alltaf að aukast hérna í bænum og það helst í hendur, fleira fólk – meiri sala. Ég er mjög sátt við okkar hlut. Ísfirðingar eru mjög nýjungagjarnir líka og hafa tekið mér mjög vel, maður lifir ekki á túristanum einum.“

– Ertu jafnvel þegar farin að finna fyrir sumarhreyfingunni þetta árið?

„Nei, ekki alveg, en þetta er að koma með hækkandi sól. Ég er að undirbúa mig fyrir sumarið og er að fá til mín danska glerlistakonu sem ætlar að kenna mér betur á efnið. Við Halldór fórum þangað út í september og hittum hana í litlu þorpi á Jótlandi. Ég heillaðist gjörsamlega af verkunum hennar og hugsaði um hana á hverjum degi eftir að ég kom heim þangað til að ég loksins mannaði mig upp í að senda henni tölvupóst. Ég spurði hvort hún væri til í að koma til Íslands og kenna mér á gler. Hún svaraði mér þremur dögum seinna þegar ég var orðin frekar framlág og var viss um að hún ætlaði ekkert að svara. Þá spurði hún hvort ég læsi hugsanir því hún hafði einmitt verið að spá í því hversu gaman það væri að koma til Íslands.“

– Það hefur hitt vel á hjá ykkur.

„Já, það má segja það. Hún var einmitt að halda sýningu um páskana og þess vegna gat hún ekki komið fyrr. Ég hefði helst viljað fá hana strax, ég vil helst að hlutirnir gerist strax. Finnst erfitt að bíða en það var allt í lagi ég opnaði bara sýningu á meðan.“

– En er það ekki mikið mál að vera að gera þetta allt? Að vera með þennan rekstur, mörg börn, stórt heimili og svo framvegis?

„Jú, þetta er heilmikið mál en ég á góða að. Mamma býr hérna líka eins og allir vita og það eru allir í þessu og hjálpast að. Ég vona að ég geti farið að koma litlu börnunum mínum í það að hjálpa til hvað úr hverju.“

– Er Halldór þá liðtækur handlangari hjá þér?

„Já, já, hann er kominn á fullt í þetta með mér, það eru allir nýttir. Ég gæti aldrei staðið í þessu öllu ein.“

– Má kannski segja að þetta sé nokkurs konar handverksheimili hjá ykkur?

„Ætli það ekki bara, ég á margar liðtækar hendur. Við erum allavega gott lið hérna, mamma og Halldór og ég. En það er mjög mikið um iðnaðarmenn í fjölskyldunni. Óskar sonur minn er skósmiður en hann býr í Reykjavík. Sigga systir mín er hárgreiðslukona, Þórir bróðir minn er blikksmiður, pabbi er járnsmiður, amma Sigga var fyrsti kvenngullsmiðurinn, afi Jón var járnsmiður, afi Marsellíus var skipasmiður og amma Berta mikil hannyrðarkona. Þannig eru þetta eintómir iðnaðarmenn og ég er iðnaðarmaður alveg fram í fingurgóma.

Þó að mamma sé ekki með iðnaðarmenntun úr einhverjum skóla er hún mjög fljót að læra og ég held hún geti talist þúsundþjalasmiður“, segir listakonan og iðnaðarmaðurinn Dagný Þrastardóttir sem er bjartsýn á framtíðina í handverksiðnaðnum á Ísafirði.

Sjálfsagt er það mikið lífslán þegar fólk finnur sköpunargáfunum farveg. Frá Dagnýju stafar að minnsta kosti smitandi lífsgleði. Það hefur verið ánægjulegt að líta inn, deila með henni nokkrum hlátrum og sjá hvað hún er að aðhafast. Enn forvitnilegra verður að fylgjast með því hvað hún býr til í smiðju sinni í framtíðinni.

Fyrsti Íslendingurinn í alþjóðlegri hreyfingu Lego-safnara býr á Ísafirði

Kerfisstjóri hjá tæknifyrirtæki og safnar kubbum

Söfnun af ýmsu tagi er stunduð um allan heim, bæði sem áhugamál og eins sem grafalvarleg iðja sem einungis er á fagmanna færi að inna af hendi. Handritin, sjálfur þjóðararfurinn, varðveittist að umtalsverðu leyti fyrir tilstilli erlendra safnara sem þótti fínt að hafa undir höndum skruddurnar sem mörlandinn gat engan veginn séð framfærslugildið í. Frímerkjasöfnun hefur jafnan þótt fremur virðuleg dægradvöl þó í einhverjum kreðsum þyki hún benda til einrænu og nyrðlingsháttar. Jafnvel ganga sumir svo langt að segja að staðalmynd frímerkjasafnarans séu einhleypir menn á fertugsaldri sem búi hjá mæðrum sínum og gangi í vestispeysum með tíglamynstri og skarti þverslaufum í ofanálag. Fágæt áhugamál af ýmsu tagi hafa fengið byr undir báða vængi með tilkomu internetsins. Þátttakendur á þessum víðfeðma rafræna vettvangi eru afar margir og virðist sama hversu langsótta eða frumlega hugdettu menn fá – ef henni er slegið upp í leitarvél kemur í ljós að um hana eru starfandi fjölmennir klúbbar áhugamanna um allan heim.

Jakob Einar Úlfarsson starfar sem kerfisstjóri hjá tæknifyrirtækinu Póls hf. á Ísafirði og nemur jafnframt tölvunarfræði í fjarnámi frá Háskólanum í Reykjavík. Eitt af áhugamálum hans er að safna hinum dönsku Legokubbum og deilir hann því með fámennum hópi Íslendinga en afar fjölmennum hópi fólks um allan heim. Í fyrstu kann það að virðast framandi og jafnvel langsótt dægradvöl. En hver hefur ekki orðið dáleiddur af auðmótanlegri veröld þessara þekktu kubba? Þessi danska uppfinning náði heimsútbreiðslu. Og þegar hönnun á 20. öldinni eru gerð skil kannast sjálfsagt miklu fleiri við Legokubbana en landa þeirra Arne Jakobsen.

Hittast á netinu og skipuleggja sýningar

– En skyldi Lego-söfnunin hafa blundað lengi í Jakobi Einari?

„Ég var náttúrlega mikið Legobarn, var alltaf í Lego þegar ég var yngri. Svo fékk ég fyrir nokkrum árum í jólagjöf lítið Star Wars Legosett í gríni frá vini mínum. Upp úr því fór ég að kaupa eitt og eitt sett inn í Star Wars línuna en svo fór þetta alltaf að aukast. Maður fór að draga upp gamla Legóið sitt og tína þetta saman en svo hefur þetta farið að vinda upp á sig. Þetta er líka orðið svo skemmtilegt núna af því að kubbarnir eru orðnir svo flottir. Þeir eru forritanlegir og búa yfir alla vega tæknilegum möguleikum.“

– Er þetta þá nokkurs konar leikútgáfa af því sem þú ert að fást við í vinnunni?

„Já, í raun og veru. Meira að segja er verið að nota þessa kubba til kennslu í háskólum eins og t.d. í MIT [Massachusetts Institute of Techology] í Bandaríkjunum – þá er verið að stúdera alla þessa gíra og tjakka sem eru til í Legóinu. Í því eru alls konar skynjarar og ég veit ekki hvað og hvað. Þetta eru ýmiskonar tæki úr raunveruleikanum sem hægt er að eiga við í smækkaðri og ódýrari mynd.“

– Er það þá ekki bara vel séð hjá þínum vinnuveitendum að þú sért að grúska í þessu?

„Þeim finnst þetta nú aðallega skondið.“

– Nú ert þú að læra tölvunarfræði. Er þetta kannski nokkurs konar fagtengt áhugamál?

„Kannski á óbeinan hátt.“

– Eru ákveðnar gerðir af kubbum sem eru eftirsóttar í safnið umfram aðrar?

„Já, ég er náttúrlega ekki í Duplo-kubbunum. Aðallega hafa það verið bílar og flugvélar sem ég hef verið að vinna í hingað til en tæknilegóið hefur alltaf verið ofarlega á baugi hjá mér. Málið er að þegar maður fær sett í hendurnar, þá reynir maður að hafa það sem næst upprunalegri mynd og ef eitthvað vantar þá er farið í að útvega það. Ég skráði mig í alþjóðleg samtök sem heita LUGnet (Lego User Group Network). Þar eru mörg hundruð meðlimir skráðir og hægt að nálgast lista yfir nánast alla kubba og öll sett sem hafa verið búin til. Allar teikningar og bæklinga nánast frá upphafi. Eftir því sem ég kemst næst, þá er ég eini íslenski meðlimurinn í þessu.“

– Getur verið að óvanaleg vandamál af þessu tagi hafi fengið byr undir báða vængi með tilkomu netsins? Þar virðist blómstra hin fjölbreytilegasta áhugamannastarfsemi.

„Já, til dæmis í þessum hópi sem ég er félagi í, þá eru menn að bera saman bækur sínar og leyfa öðrum að sjá hvað þeir hafa gert. Svo eru menn líka að koma saman til að skipuleggja Legosýningar.

– Er það metnaðurinn hjá mönnum að komast á svona sýningar?

„Já, það er málið að mæta með flott stykki. Menn eru að byggja herskip allt upp í fimm metra í þessu.“

Hluti af Lego-kubbasafni Jakobs Einars.

Söfnurunum á eftir að fjölga

– Menn eru þá að nálgast þetta út frá ýmiskonar sjónarhornum.

„Já, menn hafa mismunandi metnað í þessu. Sumir leggja upp úr því að vera með eins sögulega rétt Lego og hægt er. Að sjálfsögðu eru þessir tæknigúrúar fyrirferðarmiklir líka, þeir eru að búa til róbóta með þessari nýju Mindstormlínu frá Lego. Þannig veit ég um einn sem smíðaði róbóta sem gat leyst Rubik-teningin.“

– Þetta áhugamál gæti farið að vinda upp á sig. Verðurðu farinn að smíða róbóta til að afhýða appelsínur eða eitthvað slíkt innan skamms?

„Ja, fyrsti róbótinn sem ég gerði var sexfætlingur sem gat labbað. En í þessu eru endalausir möguleikar.“

– Hafa þessir kubbar ekki þótt merkilegt fyrirbæri í hönnunarlegu tilliti?

„Þeir eru náttúrlega verkfræðilegt og hönnunarlegt fyrirbrigði. Það er fátt sem er ekki hægt að gera með þeim.“

– Hver er stefnan hjá þér í Legomálunum? Ertu farinn að setja þér markmið?

„Nei nei, það eru nú engin sérstök markmið með þessu. Maður er meira bara að dunda sér við þetta.“

– Heldurðu að Lego-söfnurum á Íslandi eigi eftir að fjölga?

„Ég held að það sé ekki spurning. Ég er eini skráði Íslendingurinn þarna á Legonetinu en það hljóta að vera einhverjir fleiri í þessu hérna.“

– Gæti þetta orðið umsvifamikill klúbbur hér á landi í framtíðinni?

„Já, ég held að það sé ekki spurning. Við eigum örugglega eftir að sjá ráðstefnur og annað slíkt hérna heima eins og erlendis.“

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Jón Bjarnason og Árni Steinar Jóhannsson skrifa

Um óvissu kvótans og öryggi sjávarbyggðanna

Íslenskar sjávarbyggðir búa við mikið óöryggi í atvinnumálum, sem hamlar vexti þeirra og viðgangi. En þó fiskimiðin séu ávallt á sínum stað eru aflaheimildirnar bundnar við einstaklinga og skip sem geta nánast fyrirvaralaust siglt út úr byggðarlaginu. Og ef kvótinn fer brestur á fjöldaatvinnuleysi, húseignir verða verðlausar og tilverugrundvellinum er nánast kippt undan byggðalaginu. Þannig ríkir sú sérkennilega staða í mörgum sjávarplássum að jafnvel þó atvinna sé til staðar þessa stundina er engin vissa fyrir því að hún verði áfram þá næstu. Því hættan við að missa kvótann úr byggðarlaginu er alltaf til staðar. Fyrir íbúana, sjómennina, allt fjölskyldufólk sem ann sinni heimabyggð og vill öryggi og staðfestu í lífinu, kaupa húsnæði og ala upp börn, er þessi óvissa algjörlega óviðunandi.



Jón Bjarnason.

Árni Steinar Jóhannsson.

Þessari miklu óvissu verður að létta af byggðalögunum með breytingum á kvótakerfinu. Heimamenn verða að fá meira vald yfir atvinnulífi sínu og framtíð samfélagsins. Þetta er fullkomið sanngirnismál á þeim stöðum þar sem fólk hefur kynslóð eftir kynslóð unnið af hörku og dugnaði fyrir sjávarútveginn og skapað verðmæti fyrir þjóðarbúið. Aflakvótinn er líka þeirra eign.

Rétt byggðanna verður að tryggja

Vinstrihreyfingin grænt framboð hefur lagt fram ítarlegar tillögur í sjávarútvegsmálum Þar er þess krafist að nýtingarréttur sjávarbyggða, sanngirni í skiptingu þjóðarauðs og vistvæn sjónarmið í veiðum og vinnslu ráði ferð í íslenskum sjávarútvegi. Breytingarnar munu ganga í gegn á 20 árum þar sem aflaheimildir munu verða endurheimtar um 5% á ári frá núverandi kvótahöfum þar til kvótinn verður allur kominn til baka í hendur þjóðarinnar. Samkvæmt lögum er fiskurinn í sjónum eign þjóðarinnar en ekki einstakra „kvótaeiganda“. Endurheimtar veiðiheimildir verða teknar og þeim skipt í þrennt.

Byggðalögin, samfélög íbúanna fær sinn hlut. Útgerðin fær sinn hlut og ákveðinn hlutur fer á uppboð eftir settum reglum. Framsal eða brask með kvóta verður óheimilt, hlutur dagróðrabáta eykst og sjávarjarðir fá skilgreindan útræðisrétt.

Öryggi fyrir alla

Flest fólk sækist eftir öryggi í lífinu og að geta gert áætlanir fram í tíman. Enginn vill heldur standa uppi atvinnulaus eftir margra ára trygga þjónustu og með verðlausa húseign í ofanálag. Íbúar sjávarbyggðanna, sjómennirnir, fiskvinnslufólkið, hafa verið að vinna gull fyrir landið. Þetta fólk hefur skapað grundvöllinn fyrir arðbærum sjávarútvegi og þeim lífskjörum sem við búum nú við, en þarf samt að þola meira óöryggi en flestir Íslendingar og enginn getur sætt sig við. Tillögur okkar Vinstri – Grænna tryggja rétt og öryggi fólksins í sjávarbyggðunum, vistvænni veiðar, en treysta jafnframt stöðugleika og fulla hagkvæmni í rekstri útgerðar og fiskvinnslu.

Jón Bjarnason alþm. skipar 1. sæti á lista Vg í Norðvesturkjördæmi. Árni Steinar Jóhannsson, alþm. skipar 2. sæti á lista Vg í Norðvesturkjördæmi.

Byggingaverktakar, athugið!

Ákveðið hefur verið að byggja þrjú fjós í sumar á tímabilinu júní til ágúst á eftirtöldum bæjum: Hóli í Önundarfirði (582m²), Vöðlum í Önundarfirði (534m²) og Birkihlíð/Botni í Súgandafirði (526m² + kjallari).

Hér með er óskað eftir því að byggingaverktakar sem áhuga hafa á verkefni þessu, snúi sér til undirritaðs til frekari upplýsinga fyrir 9. maí nk.

F.h. átakshóps um framleiðslu og vinnslu mjólkur á norðanverðum Vestfjörðum.

Árni Brynjólfsson, Vöðlum, sími 456 7843.

Vantar söluverktaka

Efnaumboðið Dychem vantar einstakling til að selja hreingerningarefnin frá Dychem ltd. á Vestfjörðum.

Efni þessi hafa fengið ótrúlegar viðtökur eftir að hafinn var innflutningur á þeim aftur eftir 14 ára hlé. Efnin eru eingöngu seld beint til rekstraraðila. Gæti hentað vel einstaklingi sem er með rekstur fyrir og vill bæta við sig. Áhugasamir hafi samband við:

Dychem á Íslandi ehf. Guðjón Ólaf Kristbergsson, símar 565 5000, Gsm: 824 1525, netfang: gudjon@folk.is

– En hvað segir konan þín við þessu?

„Hún hlær bara að þessu eins og flestir aðrir þegar maður er að spyrja þá hvort þeir eigi ekki Lego“, segir Jakob Einar Úlfarsson. Lego er grafalvarlegt mál og milljónaiðnaður um allan heim. Hver veit nema ferðaþjónustan á Vestfjörðum eigi eftir að hafa gott upp úr því í framtíðinni að taka á móti gestum á Legoráðstefnur.

Kosningakrydd Sjálfstæðisflokksins

Kosningakrydd Sjálfstæðisflokksins í Krúsinni á Ísafirði laugardagskvöldið 3. maí.
Hitum upp fyrir lokasprettinn í kosningabaráttunni.

Allrahanda skemmtiatriði að hætti heimamanna en hápunktur kvöldsins verða svarfdælsku grínistarnir í „hljómsveitinni“

Hundur í óskilum.

Hin hliðin á frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi og óvænt uppákoma.

Aðgangur ókeypis en átján ára aldurstakmark.

Kryddstjóri:
Halldór Halldórsson,
bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ

xD

Sjálfstæðisflokkurinn í NV-kjördæmi

Múrkraftur ehf.
Byggingaverktaki

- Múrverk
- Múrklæðningar
- Nýbyggingar
- Flísasala
- Flísalagnir
- Hleðslur
- Háþrýstiþvottur
- Votsandblástur
- Almennt viðhald
- Efnissala

Ætlarðu að mála í sumar?
Nú er rétti tíminn fyrir
HÁÞRÝSTIÞVOTT

Við höfum bætt við þjónustu okkar
STEINSÖGUN og KJARNABORUN

Getum bætt við okkur starfsmönnum til ýmissa starfa

Vantar þig íbúðarhús?
Erum með tilbúnar teikningar af húsum á Tunguskeiði

Múrkraftur ehf.
Byggingaverktaki

Gerum föst verðtilboð
Sími: 861 1442 - Fax: 456 3412
Netfang: hermann@snerpa.is

Guðmundur Oddsson, ellilífeyrisþegi á Ísafirði skrifar

Hvað hefur breyst?

„Hálfdán var dugnaðarmaður og hagsýnn að græða fé. Hafði hann stundum tvö skip fyrir landi, og flestir hásetanna á þeim voru vinnumenn hans með 60-70 króna árskaup þegar bezt lét. En þessir menn gáfu honum í aðra hönd 800-1.200 krónur á vertíðum og að auki vinnu við bú hans á sumrum og útgerð hans á vetrarvertíðum, svo sem við að snúa tauma, setja upp lóðir, sauma skinnklæði á vermenn hans og fleira sem til féll.“

Svo segir í bók Finnboga Bernódussonar, Sögur og sagnir úr Bolungarvík um Hálfdán Örnólfsson í Meirihlíð í Bolungarvík sem fæddur var árið 1852 og gerði út frá Bolungarvík, bæði á 19. og 20. öldinni. Þegar ég lít yfir stöðu mála í íslensku samfélagi í dag, get ég ekki séð að hlutirnir hafi breyst mikið frá dögum Hálfdáns í Meirihlíð.

Með samþjöppun valds, sameiningu fyrirtækja, svo ekki sé talað um ranglæti núverandi kvótakerfis, er að vera til sama fyrirkomulag í

Guðmundur Oddsson.

íslensku atvinnulífi og var í þá daga er Hálfdán réri frá Bolungarvík. Nú þegar líður að kosningum til Alþingis, gefst okkur aftur kostur á að snúa þessari þróun við, og hverfa aftur til mannlegri og nútímalegri stjórnarhátta? Það hlýtur að hafa forgang hjá öllum þeim sem vilja viðhalda byggð í landinu að breyta til í stjórn landsmála.

Óbreytt kvótakerfi er ávísun á óheillaþróun sem verið hefur undanfarin ár, fækkun fólks í hinum dreifðu byggðum, sem skilur eftir sig verðlausar eignir sínar engum til gagns.

Þeir sem nálægt fiskimiðum landsins búa, eiga að hafa skýlausan rétt til að nýta þau á skynsamlegan hátt, án þess að þurfa að greiða fyrir gjald til kvótaeigenda þessa lands. Óveiddur fiskur í sjónum hlýtur að vera eign þjóðarinnar, henni til afnota og heilla, en ekki eign fárra útvaldra.

Það hlýtur að vera öllum til hagsbóta, bæði til lands og sjávar, að strandveiðifloti landsins fái að njóta aukinnar fiskgengdar á grunnslóð allt í kringum landið. Það er best gert með því að gefa krókaveiðar frjálsar með einhverjum skynsamlegum sóknarstýringum.

Til eflingar bátaútgerðar, vinnslu fiskafla í landi og endurnýjunar á uppbyggingu á landsbyggðinni, er því raunhæfast að kjósa þann flokk sem af alhug ætlar sér að vinna að framtíð landsbyggðarinnar.

Kjósum Frjálslynda flokkinn og gerum hann að sterku afli í íslenskum stjórnmálum.

Gleðilegt sumar!
Guðmundur Oddsson,
ellilífeyrisþegi á Ísafirði.

Ævintýralegur barnafatamarkaður og glæsilegar Vestfjarðamyndir til sölu

í Víkurbæ í Bolungarvík laugardaginn 3. maí frá kl. 14:00 - 18:00.

Falleg föt, frábært verð – flottar myndir.

Verið velkomin!

Genka og Laufey.

Kristinn H. Gunnarsson, alþingismaður skrifar

Sex tillögur til sóknar

Enn eru málefni sjávarútvegsins líklega stærsta málið í þessu kosningum hér á Vestfjörðum og greinilega ber þau mál hátt á landsvísu. Það kemur mér ekki á óvart. Sú niðurstaða, sem varð á kjörtímabilinu að taka upp veiðigjald, en að öðru leyti gera ekki breytingar, tók ekki á þeim atriðum sem helst hafa valdið deilum. Þess vegna voru þær deilur ekki settar niður. Ég á ekki von á því að málinu ljúki við þessar kosningar en vonandi miðar okkar áleiðis í því að breyta löggjöfinni þannig að fólk í sjávarbyggðunum geti betur unað við sinn hlut en nú er. Ég vil leggja fram sex tillögur sem gefa Vestfirðingum færi til sóknar á næstu árum , ef þær ná fram að ganga.

Hafró til umhverfisráðuneytis

Nauðsynlegt er að færa Hafrannsóknarstofnun frá sjávarútvegsráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Með því verður meiri áhersla lögð á umhverfi- og vistkerfisþátt veiðanna en verið hefur. Þá verður vísinda- og rannsóknastofnun að vera algerlega laus undan áhrifum beinna hagsmunaaðila svo sem LÍÚ. Á síðasta þingi flutti ég frumvarp um þetta sem varð ekki útrætt, en fékk víða góðar undirtektir.

Jafnstöðuafli til 5 ára

Eftir hringlið síðasta áratug sérstaklega í þorskveiðiráðgjöfinni er ég kominn á þá skoðun að best sé að ákveða afla til nokkurra ára í senn og gera ekki breytingar á því nema eitthvað sérstakt komi

Kristinn H. Gunnarsson.

til. Það yrði til mikilla bóta fyrir útgerðina, gerði henni kleyft að gera áætlun um rekstur sinn fram í tímann með meiri vissu en nú er og yrði jafnframt til þess að styrkja markaðsstarf erlendis. Selja þarf afurðirnar og ef framboð er mjög sveiflukennt og það minnkar skyndilega þá geta markaðir tapast sem ekki svo einfalt að vinna aftur.

Á þremur síðustu árum hefur leyfilegur afli í þorski dregist saman um 28% og við erum nánast á sama stað og fyrir 10 árum, þrátt fyrir að hafa farið að fullu eftir ráðleggingum vísindamanna. Það tel ég ekki mæla með áframhaldandi árlegum sveiflum. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar tel ég að jafnstöðuafli gæti verið um 250 þús. tonn.

Hámark á hlut aflahlutdeildar

Frá því að framsalið var leyft hefur staða margra byggðarlaga breyst til hins verra.Hlutur Vestfirðinga af heildaraflamarki hefur lækkað úr 14,8% í 8,8%. Þessi samdráttur er um 40% og er um 25.000 tonn miðað við þorskígildi. Enginn annar landshluti hefur farið svona illa. Verð á heimildum er svo hátt að ógerningur er að hefja útgerð með því móti að kaupa allan kvóta. Til þess að opna fyrir nýliðun þarf að vera aðgangur að veiðiheimildum á lægra verði, sem fiskverðið stendur undir.

Ég minni á samþykkt flokksþings Framsóknarmanna frá 1998 sem ályktaði um að setja hámark á hlut þeirra sem eiga aflahlutdeildir í heildarafla á þann veg að þegar leyfður heildarafli færi yfir ákveðin mörk væri því sem umfram er ráðstafað með öðrum hætti. Með þessum hætti eru teknar frá aflaheimildir til ráðstöfunar fyrir nýliðun eða í byggðakvóta.

Byggðakvóti

Á síðustu 4 árum hefur orðið til byggðakvóti samtals um 5300 tonn. Hann hefur víða orðið að gagni til atvinnuuppbyggingar, en því er ekki að neita að úthlutunin hefur stundum verið umdeild. Ætlun Framsóknarflokksins er að auka þennan kvóta enn til þes að treysta búsetu í viðkvæmustu sjávarbyggðum. Ég tel að það þurfi a.m.k. 20.000 tonn í þessu skyni sem yrði ráðstafað til byggðarlaga miðað við samdrátt á aflaheimildum á tíma framsalsins.

Línuívilnun

Á síðasta flokksþingi var samþykkt að taka upp línuívilnun fyrir dagróðrarbáta þar sem lína er beitt eða stokkuð upp í landi. Miðað er við 20% ívilnun í þorksveiðum og 50% í öðrum botnfisktegundum. Þetta þýðir einfaldlega að þeir sem gera út á línu fá viðbótaraflaheimildir og víst er að línútgerð á Vestfjörðum mun styrkjast ef þetta kemst í framkvæmd.

Milljarðar kr. til atvinnuuppbyggingar

Á næsta ári verður tekið upp svonefnt veiðigjald sem mun skila 1 – 2 milljörðum króna árlega. Á móti gjaldinu verða felld niður önnur þannig að hækkun á útgerðina verður mun minni. Framsóknarflokkurinn hefur samþykkt að verja tekjum af þessu gjaldi til nýsköpunar og atvinnuþróunar í sjávarbyggðum landsins. Fjármagninu verður varið mest til þeirra byggðarlaga og landssvæða sem hafa mátt þola mestan samdrátt. Gangi þetta eftir munu háar fjárhæðir renna til atvinnumála á Vestfjörðum. Ekki ætla ég að halda því fram að allur vandi verði leystur ef þessar sex tillögur komast í framkvæmd á næsta kjörtímabili, en víst er að Vestfirðir munu standa betur og það er nokkurs virði.

STAKKUR SKRIFAR

Kosningar – fyrir og eftir

Aðeins eru 10 dagar til kosninga og loforðin komin fram. Kjósendur hafa sjálfsagt flestir ákveðið hvar þeir setja krossinn á seðilinn á kjördag. Einhverjir hafa þegar kosið – ekki fengið að setja kross en skrifað eða stimplað bókstaf í þess stað á seðilinn, sem notaður er utan kjörfundar. Þeir hafa varla áhyggjur lengur af því sem sagt er og gert varðandi kosningarnar. Það er orðið of seint. Við hin þurfum hins vegar að halda staðfestunni eða skipta um skoðun næstu 10 dagana. Hvert er svo valið?

Íslendingar hafa búið við stöðugleika í meira en áratug. Ríkisstjórnarflokkarnir leggja mikið kapp á að halda þeirri staðreynd fram. Að sama skapi heldur Samfylkingin því fram, að nú gefist kostur á því að kjósa konu í stól forsætisráðherra. Áherslan hefur verið mikil á að stilla þeim upp sem pólitískum andstæðingum, henni og Davíð Oddssyni forsætisráðherra. Framsóknarflokkurinn hefur barist fyrir pólitísku framhaldslífi sínu, en Vinstri grænir og Frjálslyndir eru annars vegar íhaldsamir þjóðernissinnar og hins vegar ævintýragjarnir miðjumenn örlítið til hægri. Línur hafa verið að skerpast mikið. Þó virðist engu skipta hverjir munu sitja í ríkisstjórn. Eitt er víst ef mark er takandi á kosningaloforðunum: Skattarnir munu lækka, en misjafnlega mikið eftir því hverjir munu halda um stjórnvölinn. Og ef til vill verður nokkur munur á því hversu margir njóta lækkunarinnar. Línurnar eru skýrar. Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur ætla ekki í ríkisstjórn með núverandi stjórnarandstöðuflokkum.

Kostir kjósenda virðast því í raun nokkuð afmarkaðir. Annars vegar að kjósa D eða B, hins vegar einhvern stjórnarandstöðuflokkinn. Sennilega hafa kjósendur ekki staðið frammi fyrir jafn einföldu og glöggu vali fyrr. Það er annað hvort að tryggja núverandi ríkisstjórn framhaldslíf eða skipta og fá aðra. Á þessari staðreynd hamast andstæðingar ríkisstjórnarinnar eðlilega. En hver verður niðurstaðan? Frjálslyndir misreiknuðu sig um 10 milljarða þegar þeir reiknuðu kostnaðinn af tillögum sínum til skattalækkunar. Mistök geta alltaf orðið, en er slíkur misreikningur vænlegur þegar í ríkisstjórn er komið?

Varðandi sjávarútveginn er valið einnig skýrt, en kannski ekki öllum einfalt. Núverandi kvótakerfi verður væntanlega útrýmt að mestu, ráði Samfylkingin að loknum kosningum. Vinstri grænir og reyndar Frjálslyndir einnig vilja gerbreytingar á fyrirkomulagi stjórnunar fiskveiða. Þó eru hinir síðastnefndu snöggtum varkárari en hinir tveir flokkarnir. Vera kann að það gefist vel að bylta kvótakerfinu, en er það víst? Sú fjárfesting sem lögð hefur verið í að reka sjávarútveg á Íslandi, þar með talið á Vestfjörðum, er mikil og hætta á að hún ónýtist. Hver er þá staða sjávarbyggðana? Því má ekki gleyma að afkoma þeirra hefur lengi byggst á erlendu vinnuafli. Í raun verður valið um stöðugleika, sem reynst hefur betur en sveiflur í efnahagslífinu er stöfuðu af aflabresti eða sölutregðu erlendis, eða ástand sem er með öllu óvíst hvert verður og margsinnis hefur verið minnt á það að þriggja flokka ríkisstjórnir hafa ekki setið út kjörtímabilið. Upp úr stendur þó persónulegri barátta en um langt skeið.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

www.nordvesturland.is

Lækkum verð á matvöru!

Við munum lækka virðisaukaskatt á mat
um helming á næsta kjörtímabili.



Verk að vinna – áfram Ísland!

helgardagbókin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

smáar

Til sölu er ljósgrænn Opel Astra árg. 2000, ekinn 53 þús. km. Geislaspilari og vetrardekk á felgum fylgja. Uppl. í símum 899 0774 og 894 8836.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 97. Uppl. í símum 456 4430 og 862 4430.

Til sölu eða leigu er 175m² einbýlishús ásamt 36m² bílskúr í Holtahverfi. Laus fljótlega. Einnig er til sölu notaður barnavagn. Verð kr. 25 þús. Uppl. í síma 456 5494 og 860 0269.

Til sölu er Galloper jeppi, dísel, árg. 2000, ekinn 45 þús. km. Sumar- og vetrardekk. Uppl. í síma 456 7564.

Stuðningshópur Krabbameinsfélagsins Sigurvonar heldur fimmtudagsfund 8. maí í Sundatanga á Ísafirði. Kaffi á könnunni!

Bílstjóraballið verður haldið í Reykjanesi helgina 16. og 17. maí. Áhugasamir hafi samband við Bjarna í síma 456 4844.

Spilavist verður í Guðmundarbúð föstudaginn 2. maí kl. 20.

Til sölu er Toyota Corolla, skutbíll, árg. 1998, ekinn 92 þús. km. Sumar- og vetrardekk, dráttarkrókur. Mjög góður bíll. Asett verð kr. 730 þús. Hugsanleg skipti á ódýrari bifreið. Uppl. í síma 892 1688.

Til sölu eru grófmynstruð 33" jeppadekk, 12,5 á breidd. Einnig góðar 12" whitespoke felgur með tveimur ventlum. Uppl. í síma 421 1269 og 821 2690.

Menntskælingar athugið! Get tekið nemendur í aukatíma í þýsku og ensku í maí. Nánari uppl. í síma 456 3885.

Takið eftir! Til stendur að halda reiðnámskeið í maí fyrir börn frá 8 ára aldri ef næg þátttaka fæst. Uppl. gefur Sigga í síma 456 4203 og Jónas í síma 456 3482 eftir kl. 20:00.

Til sölu er 3ja herb. íbúð, u.þ.b. 80m² að Hlíðarvegi 16 á Ísafirði. Uppl. í síma 456 3482.

Ungt par sem var að byrja búskap vantar sófasett fyrir lítinn pening eða gefins. Upplýsingar í síma 866 2263.

Vestfirðingar! Ef þið þurfið að fara til Reykjavíkur, þá höfum við góða íbúð í hjarta borgarinnar. Uppl. í símum 487 8944 eða 554 6396.

Eins árs gamall Amiga ísskápur er til sölu eða í skiptum fyrir sófasett. Skápurinn er 85 cm hár. Uppl. í síma 696 2174.

Óska eftir þvottavél, gefins eða fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 894 8243.

Til sölu er Subaru Legacy „Aniversary Edition“, blár og grár, árg. 97. Uppl. í síma 892 7135.

Hef til sölu sófasett, sófaborð og ísskáp. Selst ódýrt. Uppl. í síma 866 4020 (Þórir).

Til sölu er Subaru Legacy Sedan árg. 2001, ekinn 23 þús. km. Uppl. í síma 456 4374.

Til sölu er Seljalandsvegur 102. Uppl. gefa Brynja og Óli í símum 456 3863 og 895 7178.

Til sölu er Palomina fellihýsi. Uppl. í síma 861 8965.

SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 2. maí

16.35 At
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Pekkóla (16:26)
18.30 Einu sinni var...
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Sleðakeppnin. *(Cool Runnings)* Fjölskyldumynd í léttum dúr frá 1993 byggð á sannri sögu um fyrsta bobbsleðaliðið frá Jamaíka sem keppti á Ólympíuleikum. *Aðalhlutverk: Leon, Doug E. Doug, Rawle D. Lewis, Malik Yoba og John Candy.*
21.50 Síðasta morðið. *(Sista kontraktet)* Sænsk sakamálamynd frá 1998. Ungur lögreglumaður er kominn á slóð leigumorðingja sem hefur í hyggju að bana Olof Palme, forsætisráðherra Svíþjóðar. *Aðalhlutverk: Mikael Persbrandt, Michael Kitchen, Pernilla August og Reine Brynolfsson.*
23.45 Hauskúpurnar. *(The Skulls)* Bandarísk spennumynd frá 2000. Háskólanema er boðin inngangа í leynifélag en hann kemst fljótlega að því að ekki er allt með felldu. *Aðalhlutverk: Joshua Jackson, Paul Walker, Hill Harper, Leslie Bibb og Christopher McDonald.*
01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 3. maí

09.00 Morgunstundin okkar
09.02 Mummi bumba (18:65)
09.08 Stjarnan hennar Láru (5:13)
09.19 Engilbert (11:26)
09.30 Albertína ballerína (14:26)
09.45 Hænsnakofinn (4:4)
09.55 Babar (7:65)
10.18 Gulla grallari (28:52)
10.50 Viltu læra íslensku? (17:22)
11.10 Kastljósið
11.50 Formúla 1. Bein útsending frá tímatöku fyrir kappaksturinn á Spáni.
13.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í þýsku úrvalsdeildinni.
15.25 Snjókross (10:10)
15.50 Íslandsmótið í handbolta. Bein útsending frá fjórða leik ***Hauka*** og ***ÍBV*** í úrslitum kvenna.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Smart spæjari (29:30)
18.25 Flugvöllurinn (14:16)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Laugardagskvöld með Gísla
20.25 Ást á ýmsum tímum. *(For All Time)* Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2000 um mann sem ferðast í tíma og finn-ur ástina en er hann tilbúinn að fórna öllu fyrir hana? *Aðalhlutverk: Mark Harmon, David Lereaney, Mary McDonnell og Catherine Hicks.*
21.55 Góðkunningjar lögreglunnar. *(The Usual Suspects)* Spennumynd frá 1995. Lögreglan í New York tekur fimm bófa fasta vegna glæps. Eftir að þeir er sleppt ætla þeir að hefna sín en einhver annar heldur um stjórntaumana. *Aðalhlutverk: Gabriel Byrne, Kevin Spacey, Stephen Baldwin, Chazz Palminteri, Pete Postlethwaite, Kevin Pollak og Benicio Del Toro.*
23.40 Morðin í Badgers Drift. *(Midsomer Murders: The Killings at Badger's Drift)* Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Aðalhlutverk: John Nettles, Daniel Casey, Jane Wymark, Laura Howard, Elizabeth Spriggs, Jonathan Firth og Richard Grant. e.
01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 4. maí

09.00 Disneystundin
09.54 Morgunstundin okkar
09.57 Kobbi (8:13)
10.05 Búkolla
10.17 Franklín (26:26)
10.50 Matreiðsluhátíðin
11.30 Formúla 1. Bein útsending frá kappakstrinum á Spáni.
14.05 Laugardagskvöld með Gísla
14.45 Mósaík
15.35 Leitin að Rajeev
16.30 Maður er nefndur
17.05 Markaregn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Hrefna og Ingvi (2:6)
18.06 Óli Alexander filibomm
18.22 Fjallastúlkan Noemi (1:3)
18.41 Bláa rósin
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.05 Maðurinn sem gatar jökla. Heimildarmynd um Sigfús Johnsen prófessor og rannsóknir hans á borkjörnum úr Grænlandsjökli.
20.35 Nikolaj og Julie (6:8)
21.25 Kosningar 2003 - Tæpitungulaust. Formaður Vinstrihreyfingarinnar - grens framboðs, Steingrímur J. Sigfússon, mætir í yfirheyrslu í beinni útsendingu til Jóhönnu Vigdísar Hjaltadóttur og Páls Benediktssonar.
22.00 Helgarsportið
22.25 Iðjuleysi. *(Rien á faire)* Frönsk bíómynd frá 1999. Atvinnulaus karl og kona sem bæði eru gift hittast í kjörbúð og verða vinir og elskendur. *Aðalhlutverk: Valeria Bruni Tedeschi, Patrick Dell'Isola, Sergi López og Florence Thomassin.*
00.10 Kastljósið
00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

2

Föstudagur 2. maí

06.58 Ísland í bítið
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í fínu formi
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítið
12.00 Neighbours
12.25 Í fínu formi
12.40 Reba (11:22)
13.00 Fugitive (16:22)
13.45 Jag (18:24)
14.30 The Agency (1:22)
15.15 60 Minutes II
16.00 Smallville (13:21)
16.45 Barnatími Stöðvar 2
17.20 Neighbours
17.45 Buffy, the Vampire Slayer
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.30 Friends (17:24)
20.00 Friends (18:24)
20.25 Off Centre (3:7)
20.55 George Lopez (4:26)
21.25 American Idol (19:34)
22.25 Clay Pigeons. *(Sök bítur sekan)* Hvað gerir maður þegar besti vinur manns drepur sig eftir að hafa komist að því að maður hafi sofið hjá konunni hans, konan hans drepið kærustu manns og heimtar ástarsamband því annars fari hún til lögreglunnar með málið? *Aðalhlutverk: Vince Vaughn, Janeane Garofalo, Joaquin Phoenix.*
00.10 Shiner. Dramatísk kvikmynd um örlagaríkt kvöld í lífi umboðsmannsins Billys Simpsons. Hann gengur undir viðurnefninu Shiner og hefur atvinnu af því að koma boxurum á framfæri. Shiner hefur gengið illa að undanförnu en í kvöld treystir hann því að gæfan snúist honum í vil. Sonur hans, hinn efnilegi Eddie, stígur í hringinn og Shiner hefur veðjað öllum sínum peningum á strákinn. *Aðalhlutverk: Michael Caine, Martin Landau, Frances Barber.*
01.50 Fight Club. *(Bardagaklúbburinn)* Lífsþreyttur ungur maður fær huggun og félagsskap hjá stuðningssamtökum fyrir fólk með alls kyns kvilla. Hann er leiður á þeim tilbreytingarlausa veruleika sem umlykur hann og þeim gildum sem kynslóð hans hefur vanist. Á vegi hans verður varhugaverður maður, Tyler Durden, og saman stofna þeir bardagaklúbb þar sem menn geta fengið útrás fyrir reiði sína. Klúbbunum fjölgar hratt og brátt verður Tyler leiðtogi ákveðinnar jaðarmenninngar, eins konar foringi hinnar fordæmdu kynslóðar. *Aðalhlutverk: Helena Bonham Carter, Brad Pitt, Edward Norton, Meat Loaf.*
04.05 Friends (17:24)
04.25 Friends (18:24)
04.45 Ísland í dag, íþróttir, veður
05.10 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 3. maí

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.55 Litla risaeðlan 6
11.10 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Bold and the Beautiful
13.20 Alltaf í boltanum
13.45 Enski boltinn. Bein útsending.
16.10 Viltu vinna milljón?
17.10 Sjálfstætt fólk
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Lottó
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.50 Two Ninas. *(Tvær Nínur)* Bráðskemmtileg gamanmynd um óheppnasta náunga í heimi. Honum virðast allar bjargar bannaðar en þá gerist kraftaverkið. Tvær, gullfallegar stúlkur falla fyrir óheillakrákunni og lífið blasir við honum. En í nýjum aðstæðum fylgja bæði kostir og gallar. Getur það samt virkilega verið að hann sé verr settur en áður þegar á allt er litið? *Aðalhlutverk: Bray Poor, Cara Buono, Amanda Peet, Ron Livingston.*
21.25 The New Guy. *(Nýi gæinn)* Bráðskemmtileg kvikmynd um ungan mann sem gjörbreytir um stíl í þeirri von að öðlast viðurkenningu annarra nemenda. Dizzy verður seint talinn svalasti strákurinn í miðskólanum sínum. En daginn sem hann er rekinn úr skólanum ákveður Dizzy að taka málin í sínar hendur. Hann er staðráðinn í að verða mesti og besti töffarinn, hvað sem það kostar. Dizzy veit hvað til þarf en hans vegna skulum við vona að enginn komist að áformum hans. *Aðalhlutverk: DJ Qualls, Eliza Dushku, Zooey Deschanel.*
22.55 The Thomas Crown Affair. *(Thomas Crown málið)* Lífið leikur við Thomas Crown. Hann veit ekki aura sinna tal og er umvafinn kvenfólki. Samt er Thomas ekki fullkomlega ánægður. Hann sækist sífellt eftir nýrri áskorun. Þegar ómetanlegu málverki er stolið í New York bendlar enginn Thomas við málið nema lögreglukonan Catherine Banning. Það er eitthvað í fari auðmannsins sem hún ein fær séð. Getur verið að Catherine hafi rétt fyrir sér? *Aðalhlutverk: Pierce Brosnan, Rene Russo, Denis Leary, Ben Gazzara.*
00.45 Eye Of the Beholder. *(Eins og skugginn)* Njósnari hjá bresku leyniþjónustunni fylgir eftir gullfallegri konu sem er grunuð um að kúga fé út úr syni bandarísks þingmanns. Hann verður svo vitni að því þegar konan myrðir soninn með köldu blóði. Í stað þess að ráðast strax til atlögu gegn konunni ákveður njósnarinn að fylgja henni eftir enda sannfærður um að hún tengist hvarfinu á hans eigin dóttur fyrir átta árum. *Aðalhlutverk: Ewan McGregor, Ashley Judd, Patrick Bergin, Genevieve Bujold.*
02.25 The Hunley. CSS Hunley var fyrsti kafbáturinn í sögunni sem sökkti óvinaskipi. Suðurríkjamenn beittu honum í borgarastyrjöldinni er Norðurríkjamenn höfðu umkringt Charleston og galt áhöfn bátsins þess dýru verði. Sönn saga um óbilandi hugrekki á raunastund. *Aðalhlutverk: Armand Assante, Donald Sutherland, Alex Jennings, Christopher Bauer.*
03.55 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 4. maí

08.00 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Neighbours
13.40 60 mínútur
14.35 Catching Up With Osbourne
15.00 Dudley Do-Right
16.40 The Naked Chef (2:6)
17.10 Að hætti Sigga Hall (9:12)
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.50 Viltu vinna milljón?
20.40 Sjálfstætt fólk
21.15 Rose Red. *(Rósagarðurinn)* Hörkuspennandi framhaldsmynd, byggð á sögu eftir metsöluhöfundinn Stephen King. Dr. Joyce Reardon, prófessor í sálfræði, býður hópi fólks í yfirgefið draugahús sem gengur undir nafninu Rose Red. Allir í hópnum eru gæddir yfirnáttúrulegum hæfileikum af einhverju tagi en fólkinu er ætlað að dvelja í húsinu næturlangt. Rose Red fylgir skuggalega saga hroðalegra atburða sem engin gleymir í bráð. *Aðalhlutverk: Nancy Travis, Matt Keeslar, Kimberly J. Brown, David Dukes.*
22.40 Twenty Four (14:24) Jack finnur Marie og yfirheyrir hana varðandi sprengjuna, Mason fer frá CTU, Palmer gengur á Sherry varðandi tengsl hennar við Stanton og Kim áttar sig á því að McCrae hefur blekkt hana.
23.30 60 mínútur
00.20 Band of Brothers (3:10) *(Bræðrabönd)* Tveimur dögum eftir D-dag er Easy sveitin send til að hertaka bæinn Carentan. Sveitin lendir í miklum bardögum og verður fyrir miklu mannfalli. Eftir 36 daga í Normandí og miklar orrustur snýr Easy hersveitin aftur til Englands en liðsmenn fá ekki langt frí þar sem þeim berast fljótlega fréttir um ný verkefni.
01.25 American Idol (19:34)
02.30 Catching Up With Osbourne
02.55 Tónlistarmyndbönd

Gabriel Byrne, Kevin Spacey, Stephen Baldwin, Chazz Palminteri, Pete Postlethwaite, Kevin Pollak og Benicio De Toro eru meðal heillrar breiðsíðu af stjörnum sem koma við sögu í spennumyndinni Góðkunningjar lögreglunnar (The Usual Suspects) sem Ríkissjónvarpið sýnir kl. 21:55 á laugardagskvöld. Lögreglan í New York tekur fimm þekkta smábófa fasta vegna bílráns. Eftir að þeim er sleppt ætla þeir að hefna sín en einhver annar heldur um stjórntaumana.

SÝN

Föstudagur 2. maí

18.30 Football Week UK
19.00 Trans World Sport
20.00 4-4-2
21.00 Naked Man. *(Nakti maðurinn)* Háalvarleg gamanmynd sem kemur verulega á óvart. Edward snýr aftur til heimabæjar síns eftir langa fjarveru og ósætti við föður sinn. Það hefur margt á daga hans drifið en Edward er menntaður hnykklæknir sem sneri sér að fjölbragðaglímu. Við heimkomuna gerast dapurlegir atburðir og Edward á ekki um annað að velja en snúa aftur í hringinn og taka upp fyrri iðju. *Aðalhlutverk: Michael Rapaport, Michael Jeter, Arija Barekis.*
22.30 Gillette-sportpakkinn
23.00 4-4-2
00.00 From Dusk Till Dawn 2 *(Blóðbragð 2)* Blóðsugurnar á Titty Twister gæða sér á nýjum fórnarlömbum. Framhald hinnar mögnuðu From Dusk Till Dawn sem Robert Rodriguez og Quentin Tarantino áttu heiðurinn að. *Aðalhlutverk: Robert Patrick, Bo Hopkins, Duane Whitaker.*
01.25 From Dusk Till Dawn 3. *(Blóðbragð 3)* Alræmdur útlagi, Johnny Madrid, rænir hinni fögru Esmeröldu sem reynist vera hálfmennsk. Johnny leitar hælis á skuggalegum bar þar sem vam-

SPORTIÐ Í BEINNI...

Sjónvarpið

Laugardagur 3. maí kl. 11:50
Formúal 1: Sýnt frá tímatökunni á Spáni
Laugardagur 3. maí kl. 13:25
Þýski boltinn: Leikur óákveðinn
Laugardagur 3. maí kl. 15:50
Íslandsmótið í handbolta: Haukar – ÍBV
Sunnudagur 4. maí kl. 11:30
Formúla 1: Sýnt frá keppninni á Spáni

Sýn

Laugardagur 3. maí kl. 11:15
Enski boltinn: Manchester United – Charlton
Laugardagur 3. maí kl. 16:20
Enski boltinn: Southampton – Bolton Wanderers
Laugardagur 3. maí kl. 01:00
Hnefaleikar: Oscar de la Hoya gegn Campas
Sunnudagur 4. maí kl. 14:45
Enski boltinn: Arsenal – Leeds
Mánudagur 5. maí kl. 18.50
Enski boltinn: Leikur óákveðinn

Stöð 2

Laugardagur 3. maí kl. 13:45
Enski boltinn: Leikur óákveðinn

Lestu nýjustu fréttir daglega á www.bb.is

Langi Mangi café
Aðalstræti 22
Sími 456 3022

1.maí-tilboð
Muffins og Hi-C 200,-
Gulrótarkaka og kaffi 400,-
Súpa í hádeginu - léttir réttir - tertur
Opnum snemma - Lokum seint

pírur ráða lögum og lofum. Vampírurnar sjá Esmeröldu í réttu ljósi, sem vampírudrottninguna Santanico Pandemonium, og vilja að hún verði leiðtogi þeirra. *Aðalhlutverk: Marco Leonardi, Michael Parks, Temuera Morrison.*
03.00 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 3. maí

11.15 Enski boltinn. Bein útsending frá leik ***Manchester United*** og ***Charlton Athletic.***
13.30 Football Week UK
14.00 4-4-2
15.00 Trans World Sport
15.50 Western World Soccer Show
16.20 Enski boltinn. Bein útsending frá leik ***Southampton*** og ***Bolton Wanderers***.
18.30 Fastrax 2002.
18.55 Lottó
19.00 Nash Bridges IV (10:24)
20.00 MAD TV
21.00 Joshua Then and Now. *(Joshua þá og nú)* Kanadísk kvikmynd, byggð á bók eftir Mordecai Richler. Hér segir af óvenjulegu lífshlaupi Joshua Shapiro, rithöfundar af gyðingaættum. Faðir hans er smáglæpamaður sem kvænist stúlku úr volduguri fjölskyldu. Fylgst er með ævi Joshua frá barnsaldri og fram á fullorðnisár. *Aðalhlutverk: James Woods, Alan Arkin, Gabrielle Lazure.*
23.00 Floyd Mayweather Jr - V. Sosa.
01.00 Oscar de la Hoya - Campas. Bein útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas. Á meðal þeirra sem mætast eru gulldrengurinn ***Oscar de la Hoya*** og ***Yory Boy Campas*** en í húfi er heimsmeistaratitill WBA- og WBC-sambandanna í veltivigt (súper).
04.00 Thrills. Erótísk kvikmynd.
05.25 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 4. maí

14.45 Enski boltinn. Bein útsending frá leik ***Arsenal*** og ***Leeds United***.
17.00 NBA. Bein útsending.
19.30 Meistaradeild Evrópu
20.30 European PGA Tour 2003
21.30 US PGA Tour 2003
22.30 Party Camp. *(Partísvæðið)* Þessi fjöruga gamanmynd er í anda þeirrar bylgju sem Revenge of the Nerds hratt af stað á áttunda áratugnum. Hér segir af nokkrum lúðum sem fá óvænt uppreisn æru. *Aðalhlutverk: Kerry Brennan, Andrew Ross, Billy Jacoby, April Wayne.*
00.05 Diary of a Serial Killer. *(Dagbók raðmorðingja)* Þessi hörkuspennandi mynd fjallar um blaðamanninn Nelson Keece sem er þekktur fyrir að leggjast í mikla rannsóknarvinnu fyrir greinar sínar. Nótt eina verður hann vitni að drápi fjöldamorðingja. Þeir gera með sér samkomulag um að Nelson fylgi morðingjanum eftir og skrái frásögn hans svo gjörðir hans verði kunnar síðar meir. Samband þeirra er brothætt frá upphafi en verður beinlínis stórhættulegt þegar morðinginn velur fórnarlamb sem er Nelson nákomið. *Aðalhlutverk: Gary Busey, Michael Madsen, Arnold Vosloo.*
01.40 Dagskrárlok og skjáleikur

SKJÁREINN

Föstudagur 2. maí

18:30 Guinness World Records (e)
19:30 Yes Dear (e)
20:00 Grounded for life. Finnerty fjölskyldan er langt frá því að vera venjuleg en hjónin Sean og Claudia gera sitt besta til að gera börnin sín þrjú að heiðvirðum borgurum með aðstoð misjafnlega óhæfra ættingja sinna…
20:30 Popp & Kók
21:00 Law & Order SVU. Geðþekkur og harðsnúinn hópur sérvitringa vinnur að því að finna kynferðisglæpamenn í New York. Stabler og Benson, Munch og Tutuola undir stjórn Don Cragen yfirvarðstjóra og Alexöndru Cabot saksóknara leita allra leiða til að finna tilræðismenn, nauðgara og annan sora og koma þeim bakvið lás og slá.
22:00 Djúpa laugin. Í Djúpu lauginni sýna Íslendingar af öllum stærðum og gerðum sínar bestu hliðar í von um að komast á stefnumót. Leikurinn gengur út á að einn keppandi spyr þrjá einstaklinga af gagnstæða kyninu margvíslegra spurninga, án þess að fá að hitta þá, og sá sem svarar best fyrir sig fær spennandi stefnumót og óvissuferð með spyrjandanum að launum
23:00 Will & Grace (e)
23:30 Everybody Loves Raymond
00:00 CSI: Miami (e)
00:50 The Dead Zone (e)
01:40 Jay Leno (e)
02:30 Dagskrárlok

Laugardagur 3. maí

12:30 Listin að lifa (e)
13:30 Mótor (e) Umsjónarmaður Mótors er Karl Gunnlaugsson Formúlusperkúlant og ökukappi, færir áhorfendum nýjustu fréttir úr mótorheimum, skoða forvitnileg farartæki og fylgjast með fífldjörfum og framtakssömum ökumönnum
14:00 Jay Leno (e)
15:00 Yes, Dear (e)
15:30 Everybody Loves Raymond
16:00 Djúpa laugin (e)
17:00 Survivor Amazon (e)
18:00 Fólk með Sirrý (e)
19:00 Cybernet (e)
19:30 Life with Bonnie (e)
20:00 Charmed. Heillanornirnar þrjár gera allt sem þær geta til að halda heimi sínum og andanna í jafnvægi en ill öfl reyna hvað þau geta að sundra félagskap þeirra. Þær njóta sín best í selskap engla og fagurra vera en neyðast meira til að eiga kompaní við djöfla, drýsla og dára af ýmsu tagi.
21:00 According to Jim
21:30 The Dead Zone. Johnny Smith sér í gegnum holt og hæðir, fortíð og framtíð liggja ljós fyrir honum. Þessi skyggnigáfa leggur honum þá skyldu á herðar að aðstoða fólk við að leysa úr vandamálum fortíðar og framtíðar. Einnig er hann betri en enginn þegar lögreglan þarf að finna hættulegja morðingja. Johnny þráir þó allra mest fyrrverandi kærustu sína og barnsmóður sem nú er gift fógeta sýslunnar og virðist ekki eiga afturkvæmt í faðm hans.
22:20 Leap Years
23:10 Law & Order SVU (e)
00:00 Philly (e)
00:50 Tvöfaldur Jay Leno (e)
02:20 Dagskrárlok

Sunnudagur 4. maí

12:30 Silfur Egils
14:00 Life with Bonnie (e)
14:30 The King of Queens (e)
15:00 Charmed (e)
16:00 Boston Public (e)
17:00 Innlit/útlit (e)
18:00 The Bachelorette (e)
19:00 Popp og Kók (e)
19:30 Cybernet
20:00 Yes Dear
20:30 Will & Grace. Eitt sinn var feimin ung skólastúlka sem hét Grace. Hún fann Will inni í skáp í skólanum þeirra, hjálpaði honum út og síðan hafa þau verið óaðskiljanleg. Þau búa saman þó þau tali ekki alltaf saman en þegar þau þegja hjálpa vinir þeirra Jack sem er ávallt með flírulæti og Karen hin sídrukkna til við að rjúfa þögnina.
21:00 Practice. Bobby Donnell stjórnar lögmannastofu í Boston og er hún smá en kná. Hann og meðeigendur hans grípa til ýmissa ráða, sumra býsna frumlegra til að koma skjólstæðingum sínum undan krumlu saksóknara, þar á meðal hinnar harðskeyttu Helen Gamble sem er samt mikil vinkona þar og sannar þar með enn og aftur að vinna og skemmtun þarf ekki að fara saman (þó hún geti gert það).
21:50 Silfur Egils (e)
23:20 Listin að lifa (e)
00:10 Dagskrárlok

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243
Fasteignaviðskipti
Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum
Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

Hvað er að ske? Á helginni
30. apríl - 4. maí.
Stórdansleikur
Sjallinn
BMX
Miðvikudagskvöldið 30. apríl
Aðfararnótt 1. maí
23 - 03. 18ár
Nú verður ROKKAÐ

KRÚSIN
Sjallinn
Djamm á báðum stöðum um helgina.
Frábær tilboð í boði.
Eins og:
kaupir einfaldan
en færð tvöfaldan

Fasteignaviðskipti
TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3940 & 456 3244
Fax: 456 4567 – Netfang: tryggvi@snerpa.is
Heimasíða: www.bb.is/tg
Vantar eignir á skrá
Einbýlishúsaraðhús:
Hafraholt 50: 138,4 m² Hosby timburhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð 12,9 m.kr.
Hlíðarvegur 37: 185,9 m² raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr og einstaklingsíbúð. Skipti á minni eign koma til greina. Verð 10,2 m.kr.
Hnífsdalsvegur 10: 120,9 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt grónum garði og eignarlóð. Laust fljótlega. Verð 4,8 m.kr.
Norðurvegur 2: 150,1 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og rúmtaðri eignarlóð. Verð 11,5 m.kr.
Urðarvegur 33: 306,3 m² glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð 16 m.kr.
4ra herbergja íbúðir:
Aðalstræti 26a: 137,3 m² 5 herb. íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr og eignarlóð. Verð 5,9 m.kr.
Fjarðarstræti 14: 100 m² falleg 4ra herbergja íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt 60m² kjallara og 27,8 m² geymsluskúr. Íbúðin fylgir neðri hæðinni. Húsið allt mjög klætt og einangrað. Áhv. ca. 1,5 m.kr.
Verð 6,8 m.kr.
Hlíðarvegur 29: 100,7 m² 5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 6,9 m.kr.
Stórholt 11: 122,9 m² 4ra herbergja íbúð á 3.h.t.v. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu og bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. Verð 7,5 m.kr.
3ja herbergja íbúðir:
Fjarðarstræti 6: 113,5 m² 3ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu. Verð 5,7 m.kr.
Engjavegur 31: 92,1 m² 3ja herb. íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi í góðu standi. Verð 5,8 m.kr.
Fjarðarstræti 38: 3-4ra herbergja íbúð að hluta undir risi. Íbúðin er í góðu standi. Verð 4,5 m.kr.
Hlíf II Torfnesi: 62,5 m² 2ja-3ja herbergja íbúð á jarðhæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð 7,1 m.kr.
Pólgata 6: 55 m² risíbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi. Verð 3,9 m.kr.
Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólffletur, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Óttrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.
Stórholt 11: 72,6 m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 3 m.kr.
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Möguleiki að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 5,5 m.kr.
2ja herbergja íbúðir:
Fjarðarstræti 55: 66,1 m² íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi ásamt geymslu. Verð 5 m.kr.
Hlíðarvegur 27: 49,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Áhv. ca. 555 þús.kr. Verð 3 m.kr.
Suðureyri:
Aðalgata 16: 133 m² uppgert skrifstofuhúsnæði á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 3 m.kr.
Bolungarvík:
Holtabrún 5: 184,8 m² hlaðið einbýlishús á einni hæð ásamt 51 fm kjallara og 34,5 fm bílskúr. Tilboð óskast
Þingeyri:
Vallargata 14: 115,6 m² raðhús á einni hæð ásamt bílskúr. Tilboð óskast
Vallargata 16: 115,6 m² raðhús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð 6,5 m.kr.
Atvinnuhúsnæði:
Veitingastaðurinn Thai Koon ehf., sem er í fullum rekstri, ásamt tilheyrandi eignarhúsnæði í verslunarmiðstöðinni Neista, Hafnarstræti 9, Ísafirði, öllum innréttingum, tækjum og áhöldum sem til staðar eru í dag. Meðfylgjandi eru sameiginlegar gangur, geymslur og snyrting. Tilboð óskast
Allar frekari upplýsingar að Hafnarstræti 1 og www.bb.is/tg

veðrið

Horfur á fimmtudag: Norðlæg átt, yfirleitt 5-10 m/s. Skýjað með köflum og él, en bjartviðri suðvestan- og vestanlands. Hiti 0 til 4 stig sunnan- og vestantil að deginum annars 0 til 5 stiga frost.
Horfur á föstudag: Norðlæg átt, yfirleitt 5-10 m/s. Skýjað með köflum og él, en bjartviðri suðvestan- og vestanlands. Hiti 0 til 4 stig sunnan- og vestantil að deginum annars 0 til 5 stiga frost.
Horfur á laugardag: Norðaustanátt, víð 10-15 m/s. Léttskýjað suðvestanlands, slydda eða rigning suðaustantil, en annars él eða snjókoma. Hiti í kringum frostmark.
Horfur á sunnudag: Norðaustanátt, víð 10-15 m/s. Léttskýjað suðvestanlands, slydda eða rigning suðaustantil, en annars él eða snjókoma. Hiti í kringum frostmark.
Horfur á mánudag: Norðlæg átt, skýjað og ofankoma norðantil. Hiti breytist lítið.

kirkja

Holtskirkja: Guðsþjónusta sunnudaginn 4. maí kl. 14:00. Eldri borgarar verða sérstakir gestir. Kirkjukaffi á eftir.

fréttir

Kynning á verknámi í MÍ

Sunnudaginn 4. maí kl. 13-16 kynna kennarar og nemendur verknám skólans. Kynntar verða grunndeildir rafiðna og tréiðna, málmiðnbraut og vélstjórnarbraut og verða nemendur að störfum, hver á sínu sviði. Allir sem áhuga hafa á verknámi eru hvattir til að mæta sem og fyrrverandi nemendur, iðnaðarmenn, fulltrúar fyrirtækja og aðrir velunnarar skólans, segir í frétt frá skólanum. Þar segir einnig: „Leyfum unga fólkinu að mennta sig í lifandi og þroskandi námsumhverfi, sem verknámið býður upp á.“

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk



Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar undirrita samkomulagið.

Menntamálaráðherra undirritar samkomulag um menningarhús

Þrjú hús menningarhús á Ísafirði verða endurbyggð

Tómas Ingi Olrich, menntamálaráðherra og Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, undirrituðu á föstudag samkomulag um endurbyggingu þriggja menningarhúsa á Ísafirði, Gamla sjúkrahússins á Eyrartúni sem verður safnahús bæjarins, Edinborgarhússins sem hýsa mun sviðslist og Hamra, sal Tónlistarskóla Ísafjarðar, sem nýttur verður til tónleikahalds.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 22. apríl sl. var ákveðið að framlag ríkissjóðs til endurbyggingar menningarhúsanna þriggja yrði alls 251,2 milljónir króna sem er 60% af kostnaðaráætlun. Endurbygging húsanna verður á vegum sveitarfélagsins sem jafnframt mun bera fulla ábyrgð á rekstri og viðhaldi þeirra.

Við undirritunina sagði menntamálaráðherra m.a.: „Það segir sína sögu um Ísfirðinga sjálfa og þann stórhug sem hefur einkennt mannlíf hér um slóðir að tvö þessara húsa eru teiknuð af fyrstu og jafnframt fremstu arkitektum þjóðarinnar, Rögnvaldi Ólafssyni sem teiknaði Edinborgarhúsið og Guðjóni Samúelssyni sem teknað sjúkrahúsið.“ Ráðherra færði ennfremur lof á hið mikla og blómlega menningarlíf sem þrifist hefur á Ísafirði í gegnum tíðina og sérstaklega gat hann tónlistarhefðar Ísfirðinga.

Ólafur Kristjánsson, fyrrum bæjarstjóri í Bolungarvík og Einar Pétursson, núverandi bæjarstjóri voru á meðal gesta í hófinu. Á milli þeirra er Tómas Ingi Olrich menntamálaráðherra.

Jón Sigurpálsson, stjórnarformaður Edinborgarhússins, flutti þakkarávarp og sagði húsinu ætlað að vera vettvangur menningar í sinni víðustu mynd. Kristinn Níelsson, formaður Tónlistarfélags Ísfirðinga sagði samninginn gefa félaginu færi á að einbeita ser að meginhlutverki sínu, þ.e. að halda tónleika. Nú þyrfti félagið ekki lengur að nota mestan hluta orku sinnar í að leita leiða til að standa skil á afborgunum og vöxtum.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að styðja við menningarhúsin í Ísafjarðarbæ, vera mikið ánægjuefni. Með því sé fyrirsjáanlegt að hægt verði að ljúka við uppbyggingu húsanna. Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er áætlaður 418,7 milljónir króna og greiðir ríkið 251,2 milljónir eins og áður sagði. Að sögn Halldórs hefur ríkið þegar greitt 45 milljónir til þessara húsa í formi ýmissa styrkja á undanförnum árum og því eru eftirstöðvar af hálfu ríkisins 206 milljónir króna.

Margmenni var við undirritunina sem fram fór í Gamla sjúkrahúsinu. Þáðu gestir veitingar í boði bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.